

**NYTJASTOFNAR SJÁVAR
OG UMHVERFISÞÆTTIR 1992/93**

AFLAHORFUR FISKVEIÐIÁRIÐ 1993/94

State of Marine Stocks in Icelandic Waters 1992/93

Prospects for the Quota Year 1993/94

Reykjavík, 25. júní 1993

Efnisyfirlit Contents

Formáli	bls.	v
1. Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland (<i>Environmental conditions in Icelandic waters</i>)	bls.	1
2. Ástand nytjastofna (<i>State of marine stocks</i>)	bls.	7
2.1 Þorskur (<i>Cod</i>).....	bls.	7
2.2 Ysa (<i>Haddock</i>).....	bls.	14
2.3 Ufsi (<i>Saithe</i>).....	bls.	19
2.4 Karfi (<i>Redfish</i>).....	bls.	24
2.5 Grálúða (<i>Greenland halibut</i>)	bls.	28
2.6 Lúða (<i>Halibut</i>)	bls.	33
2.7 Steinbítur (<i>Wolffish</i>).....	bls.	34
2.8 Skarkoli (<i>Plaice</i>).....	bls.	36
2.9 Langlúra (<i>Witch</i>).....	bls.	37
2.10 Blálanga (<i>Blue ling</i>)	bls.	39
2.11 Langa (<i>Ling</i>)	bls.	39
2.12 Keila (<i>Tusk</i>).....	bls.	40
2.13 Hrognkelsi (<i>Lumpfish</i>).....	bls.	42
2.14 Síld (<i>Herring</i>)	bls.	43
2.15 Loðna (<i>Capelin</i>)	bls.	48
2.16 Kolmunni (<i>Blue whiting</i>)	bls.	52
2.17 Humar (<i>Nephrops</i>).....	bls.	55
2.18 Rækja (<i>Shrimp</i>).....	bls.	60
2.19 Hörpudiskur (<i>Iceland scallop</i>).....	bls.	66
2.20 Hvalir (<i>Whales</i>)	bls.	68
2.21 Selir (<i>Seals</i>).....	bls.	70
3. Töflur (<i>Tables</i>)	bls.	73
4. Ágrip.....	bls.	143
4.1 Ágrip á íslensku	bls.	143
4.2 <i>English summary</i>	bls.	149

Formáli

Þessi skýrsla Hafrannsóknastofnunarinnar um ástand nytjastofna kemur nú út í annarri og lokaútgáfu. Hún er frábrugðin fyrstu útgáfu að því leyti að í hana hefur verið bætt kaflanum um umhverfisþætti og ensku ágripi en þetta tvennt vantaði í fyrstu útgáfu sem kom út í maflok.

Skýrslan er unnin á svipaðan hátt og verið hefur á undanförmum árum. Eins og í fyrri skýrslum eru aftast töflur um afla hinna ýmsu tegunda seinustu áratugina ásamt ítarlegum tölum um breytingar á meðalþyngd, kynþroska, aldursdreifingu, stofnstærð og veiðidánartölum í nokkrum helstu nytjastofnum. Þá er tafla fyrir hvern stofn er sýnir tölulegar forsendur sem framreikningar byggjast á. Í texta er einnig birt yfirlitstafla fyrir hverja tegund er sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar nokkur undanfarin ár, ákvarðanir stjórnvalda um leyfilegan hámarksafla og raunverulegan afla hverrar tegundar.

Eins og á undanförmum árum er skýrslan unnin á vegum sérstakrar verkefnisstjórnar en formaður hennar er Gunnar Stefánsson. Aðrir í verkefnisstjórn eru Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Hrafnkell Eiríksson, Jóhann Sigurjónsson, Ólafur K. Pálsson og Sigfús A. Schopka. Auk þessara manna hafa eftirtaldir sérfræðingar unnið í náinni samvinnu við verkefnisstjórn að skýrslunni: Ásta Guðmundsdóttir (sild og grálúða), Garðar Jóhannesson (þorskur), Guðrún Marteinsdóttir (grálúða), Gunnar Pétursson (þorskur og rækja), Hjálmar Vilhjálmsson (loðna), Jakob Jakobsson (sild), Jakob Magnússon (karfi), Jóhanna Erlingsdóttir (stofnmælinga- og sóknargögn), Sveinn Sveinbjörnsson (kolmunni og sild), Unnur Skúladóttir (rækja), Vilhelmina Vilhelmsdóttir (blálanga, langa og keila), Vilhjálmur Þorsteinsson (hrognkelsi) og Erlingur Hauksson (selir).

Þá ber að þakka Guðmundi Guðmundssyni tölfræðingi framlag hans við úttekt á þorsk- og ufsastofnunum, þar sem stuðst var við útreikninga með svokallaðri tímaraðgreiningu.

Rétt er að geta þess að flestir þeir fiskstofnar sem fjallað er um í þessari skýrslu eru einnig til umfjöllunar í vinnunefndum og fiskveiðiráðgjafarnefnd Alþjóðahafrannsóknaráðsins, þar sem sérfræðingar Hafrannsóknastofnunarinnar hafa fengið tækifæri til að leggja fram gögn um ástand nytjastofna á Íslandsmiðum. Alþjóðleg og gagnrýnin umfjöllun Alþjóðahafrannsóknaráðsins er ómetanleg. Skýrsla ráðsins er væntanleg innan fárra daga.

Samkvæmt erindisbréfi stjórnar Hafrannsóknastofnunarinnar dags. 1. júlí 1992 er það stjórn stofnunarinnar sem leggur þessa skýrslu fyrir sjávarútvegsráðherra. Jafnframt þessu var stjórn stofnunarinnar falið að móta langtímastefnu um nýtingu helstu fiskstofna á Íslandsmiðum og mun áfangaskýrslu um þetta efni skilað sama dag og skýrslan verður lögð fyrir sjávarútvegsráðherra.

Eiríkur Þ. Einarsson, Hjálmar Vilhjálmsson, Jóhann Sigurjónsson og Ólafur S. Ástþórsson önnuðust uppsetningu og frágang skýrslunnar og lásu yfir texta. Þeim er sérstaklega þakkað vandasamt verk.

Reykjavík, 28. maí 1993


Jakob Jakobsson

Nytjastofnar sjávar og umhverfispættir 1993

1. Umhverfispættir

1.1 Ástand sjávar, plöntusvifs og átu í hafinu við Ísland

Árferði í sjónum við Ísland hefur einkum verið metið af gögnum sem safnað er í vorleiðangri ár hvert. Í þeim leiðangri er farið um miðin allt í kringum landið til athugana á almennu ástandi sjávar, styrk næringarefna, gróðri og átu. Áhersla er lögð á sambærilega gagnasöfnun frá ári til árs til að fylgjast með breytingum sem kunna að verða bæði í hlýja og kalda sjónum við landið. Rannsóknir í vorleiðöngrum hafa verið stundaðar með svipuðu sniði síðan á sjötta áratugnum. Jafnframt vorleiðangri hafa endurteknar rannsóknir verið gerðar um lengri eða skemmri tíma á völdum svæðum. Niðurstöður hafa leitt í ljós að ástand sjávar er mjög breytilegt frá ári til árs á hinum ýmsu svæðum við landið og í kjölfar þess framvinda gróðurs og átu. Nefna má að áráskipti í þessum þáttum geta verið veruleg á hafsvæðunum sunnan og norðan landsins. Breytileikann fyrir sunnan má að einhverju leyti rekja til tímasetningar leysinga sem og vinda. Fyrir norðan landið er það hins vegar mismunandi útbreiðsla ólíkra sjógerða sem mestu ræður um framvindu framleiðninnar. Rannsóknir undanfarandi ára benda til þess að hlýsjór á norðurmiðum stuðli oftast að aukinni heildarframleiðni, en flókið samspil margra mismunandi umhverfispátta hefur áhrif á fæðukeðjuna og á afrakstur nytjastofna á Íslandsmiðum. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um árferðið í sjónum við Ísland vorið 1993 og um tengslin við fyrri ár.




Mynd 1.1. Hitastig í sjónum við Ísland á 50 m dýpi vorið 1993.

Fig. 1.1. Temperature at 50 m in Icelandic waters in spring 1993.

Rannsóknir í vorleiðangri 1993 hófust 17. maí og þeim lauk 4. júní. Athuganir voru gerðar á 124 stöðum allt í kringum landið, bæði á landrunninu og utan þess. Auk hinna hefðbundnu rannsókna voru gerðar athuganir á koltvísríngi í sjó á nokkrum stöðum og fylgst var með hvöllum á miðunum. Sex rekduflum sem fylgst er með frá gervihnötum, var varpað fyrir borð í strandsjónum við landið og einnig fóru fram bakteríurannsóknir á vegum Háskóla Íslands. Auk þess var unnið að verkefnum fyrir Veðurstofu Íslands og Geislavarnir ríkisins.

Helstu niðurstöður um ástand sjávar og svifs voru þessar:


Í selturíka hlýsjónum vestur af landinu var hiti í meðallagi (5° - 7° , myndir 1.1 og 1.2). Ferskvatnsáhrif voru með mesta móti út af Vestfjörðum (mynd 1.5). Umtalsverður gróður var aðeins þar sem ferskvatnsáhrifa frá landi gætti en í uppblönduðum hlýsjó utar hafði engin gróðuraukning átt sér stað (mynd 1.3).



Mynd 1.2. Selta á 50 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1993


Fig. 1.2. Salinity at 50 m in Icelandic waters in spring 1993

Fyrir Norðurlandi gætti innstreymis hlýsjávar austur á móts við Melrakkaslétu (3° - 5°) og kaldi sjórinn var langt undan landi. Hafs (vesturís) var og langt undan Vestfjörðum. Lítil gróður var í hlýsjónum austur að Siglunesi (mynd 1.6) en mikill austar og upp við landið. Átumagn fyrir Norðurlandi var hið mesta sem mælst hefur hin síðari ár (myndir 1.4 og 1.7).



Mynd 1.3. Frumframleiðni á 10 m dýpi í sjónum við Ísland vorið 1993 ($\text{mg C m}^{-3} \text{klst.}^{-1}$).


Fig. 1.3. Primary production ($\text{mg C m}^{-3} \text{h}^{-1}$) at 10 m in Icelandic waters in spring 1993.



Mynd 1.4. Útbreiðsla átu í yfirborðslögum sjávar umhverfis Ísland vorið 1993.

Fig. 1.4. Zooplankton distribution ($ml/21 m^3$, 50-0 m) in Icelandic waters in spring 1993.

LÁTRASNID, STÖÐVAR 2+3



Mynd 1.5. Styrkur strandstraums vorin 1956-1993, metinn sem þykki ferskvatns á tveim stöðvum vestur af Látrabjargi.


Fig. 1.5. Equivalent freshwater thickness, in spring 1956-1993 at two stations on Látra section west of Iceland.

Í kalda Austur-Íslandsstraumnum, djúpt norðaustur af landinu, voru hiti og selta tiltölulega há og í samræmi við það varð hvergi vart við hafís á þeim slóðum (austurís). Þar var áta mikil að venju (mynd 1.4) og styrkur næringarefna hár en gróður lítil (mynd 1.3) vegna beitar.

Austur af landinu var hiti heldur undir meðallagi ($1,5^{\circ}-2^{\circ}$), gróður mikill og áta nokkur. Djúpt út af Austfjörðum, á Rauðatorginu, gætti hlýsjávar að sunnan.

Í hlýja sjónum fyrir Suðurlandi var hitastig í meðallagi ($7^{\circ}-7,5^{\circ}$). Á landgrunninu sunnanlands var mikill gróður út af Ingólfshöfða en mjög lítil út af Stokksnesi og Selvogsbanka, líklega vegna beitar átu sem var þar í miklu magni (myndir 1.3 og 1.4).

SIGLUNES




Mynd 1.6. Meðalfrumframleiðni plöntusvifs á 10 m dýpi norðan Sigluness vorin 1958-1993.

Fig. 1.6. Mean primary production (mg C m⁻³ h⁻¹) at 10 m at Siglunes section in spring 1958-1993.

Í lok leiðangurs var aftur komið á svæðið í og utan við Faxaflóa. Upphitun og myndun hitaskiptalags hafði orðið á þeim tæpum þrem vikum sem liðu á milli athugana (mynd 1.1). Í Faxaflóa var gróður í rénum en utar í örum vexti (mynd 1.3). Áta var í meðallagi í Faxaflóa.


SIGLUNES



Mynd 1.7. Breytingar á átumagni í sjónum norðan Sigluness vorin 1958-1993.

Fig. 1.7. Variations in zooplankton density (ml/21m³, 50-0 m) at Siglunes section in spring 1958-1993.


HITASTIGSFÁVIK Á SIGLUNESSNIÐI



Mynd 1.8. Frávik meðalhitastigs í sjónum norðan Siglunes að vori 1952-1993 frá meðaltali áráanna 1961-1980.

Fig. 1.8. Deviations 1952-1993 from 1961-1980 mean in temperature at Siglunes section.

SELTUFRÁVIK Á SIGLUNESSNIÐI



Mynd 1.9. Frávik meðalseltu í sjónum norðan Siglunes að vori 1952-1993 frá meðaltali áráanna 1961-1980.

Fig. 1.9. Deviations 1952-1993 from 1961-1980 mean in salinity at Siglunes section.

Í heild sýna niðurstöður vorleiðangurs 1993 gott ástand sjávar og lífrfkis. Eins og tvö undanfarin ár gætti hlýsjávar á Norðurmiðum (myndir 1.8 og 1.9). Áður (1988-1990) rfti á Norðurmiðum kaldur og seltulíttill pólsjór eða svalsjór, en þar áður aftur hlýsjór (1984-1987). Átumagn í vor fyrir Norðurlandi er hið mesta sem mælst hefur hin síðari ár. Þar var enn hár styrkur næringarefna og því von á áframhaldandi gróðri.


2. Ástand nytjastofna

2.1 Þorskur

2.1.1 Affi, sókn og árgangaskipan í veiðinni 1992

Á árinu 1992 var þorskaflinn um 265 þús. tonn eða 15 þús. tonnum meiri en gert var ráð fyrir í síðustu skýrslu. Til samanburðar var aflinn 310 þús. tonn árið 1991 og 335 þús. tonn árið 1990. Hefur aflinn ekki orðið minni síðan árið 1947.

Þorskaflinn á tímabilinu janúar til maí 1992 var 134 þús. tonn en 154 þús. tonn sömu mánuði 1991. Affi bátaflotans minnkaði úr 101 þús. tonnum á tímabilinu janúar til maí 1991 í 90 þús. tonn sömu mánuði 1992 og togaraaffi minnkaði úr 50 þús. tonnum 1991 í 45 þús. tonn 1992 samkvæmt aflatölum Fiskifélags Íslands (janúar-maí bæði árin). Þorskafl og veiðidánartölur á tímabilinu 1955 til 1992 eru sýndar á mynd 2.1.1 og aflinn allt frá 1905 í töflu 3.1.1.



Mynd 2.1.1. ÞORSKUR. Heildarafl (þús. tonna) árin 1955-1992 og meðalveiðidánartala (F) 5-10 ára þorsks sama tímabil.

Fig. 2.1.1 COD. Total landings (thous. tonnes) 1955-1992 (upper line) and mean F_{5-10} during the same period.


Uppistaða aflans á vetrarvertíð suðvestanlands 1992 var 7-9 ára þorskur eða sömu árgangar og á vertíðinni 1991. Hlutdeild 8 ára þorsks (árg. 1984) var mest, 26% af fjölda og 34% af þyngd. Næst algengastur í vertíðaraflanum var 7 ára þorskur (árg. 1985), 19% miðað við fjölda og 22% miðað við þyngd, og 9 ára þorskur (árg. 1983), 7% af fjölda og 12% af þyngd. Hlutdeild 5 ára þorsks var 19% miðað við fjölda og 12% miðað við þyngd. Hluttur 10 ára og eldri fisks var sáralítill eða rúmlega 1% af fjölda og 3% af þyngd.

Á uppvaxtarsvæðum þorsksins á Norðvestur-, Norður- og Austurmiðum byggðist veiðin fyrstu 5 mánuði ársins 1992 einkum á 4-6 ára þorski og var hlutdeild 5 ára þorsks mest, eða 36% og 32% í fjölda og þyngd, en hluttur fjögurra ára þorsks var 25% og 15% í fjölda og þyngd. Nokkru minna veiddist af 6 ára þorski (20% miðað við fjölda og 24% miðað við þyngd).

Þorskaflinn á tímabilinu júní til desember 1992 var 130 þús. tonn og voru 65% aflans veidd fyrir norðvestan, norðan og austan land. Sömu mánuði 1991 var þorskaflinn 160 þús. tonn en þá gengu veiðarnar betur á Norðurmiðum en árið 1992.


Suðvestanlands byggðist aflinn í júní til desember 1992 einkum á fjögurra ára fiski annars vegar, og hins vegar á 7 og 8 ára fiski (16-23% af þyngd hver aldursflokkur). Hlutdeild 6 ára fisks var 11% af þyngd. Á uppvaxtarsvæðunum var hlutur fjögurra og 5 ára fisks mestur eða 28-29% miðað við fjölda og 23-33% af þyngd. Einnig kom þriggja ára fiskur meira fram í veiði en búist hafði verið við.

Aflinn á árinu 1992 skiptist eftir aldri eins og sýnt er á mynd 2.1.2. Þar kemur fram að mest veiddist af 4-5 ára fiski sem er í samræmi við það sem áætlað var í júní 1992. Hins vegar var hlutdeild þriggja ára fisks meiri en þá var gert ráð fyrir. Þetta stafar af því að árgangurinn frá 1989 skilaði sér betur í veiðistofninn vegna hraðari vaxtar en reiknað var með. Skipting þorskaflans eftir aldri á árunum 1973-1992 er sýnd í töflu 3.1.6.



Mynd 2.1.2. ÞORSKUR. Áætlun gerð í júní 1992 um hlutfallslega aldursdreifingu (% af fjölda) í afla árið 1992 og aldursdreifingin í lönduðum afla 1992.

Fig. 2.1.2. COD. June 1992 estimate of percentage age distribution (in numbers) in the 1992 catch and the age distribution in actual 1992 landings.



Mynd 2.1.3. ÞORSKUR. Afrakstur og hrygningarstofn á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.

Fig. 2.1.3. COD. Yield and spawning stock per 3 year old recruit at various fishing mortalities (F). $F_k = F_{0.1}$

Sóknin árið 1992 var svipuð sókninni 1991, bæði hvað varðar línu- og netabáta, og togara. Þorskafla togara á sóknareiningu minnkaði hins vegar talsvert á árinu 1992 miðað við 1991, sérstaklega síðustu mánuði ársins. Eins og fram kemur á mynd 2.1.3 er sókn í þorsstofninn nú langt umfram hámarksafkastur. Veiðidánartölur frá 1973 eru sýndar í töflu 3.1.8.

2.1.2 Meðalþyngd og kynþroski

2.1.2.1 Meðalþyngd og kynþroski í lönduðum aflu

Meðalþyngd 6-7 ára þorsks í lönduðum aflu jókst um 5-18% á árinu 1992 miðað við 1991. Meðalþyngd 5 og 8 ára þorsks 1992 var svipuð og árið 1991. Meðalþyngd 9-10 ára þorsks í lönduðum aflu 1992 reyndist hinsvegar 4-16% minni en árið á undan (sjá töflu 3.1.2). Hlutfall kynþroska þorsks í aflu er tilgreint í töflu 3.1.4.


2.1.2.2 Meðalþyngd og kynþroskahlutfall á hrygningartíma

Eins og fram kemur í kafla 2.1.4 er stærð hrygningarstofns nú miðuð við hrygningartíma. Til að meta meðalþyngd og kynþroskahlutfall á hrygningartíma voru notuð gögn úr lönduðum aflu í janúar-maí árin 1973-1992. Miðað við aldur var meðalþyngd 6-7 ára hrygningarfisks á árinu 1992 nokkru meiri en árið 1991 (tafla 3.1.3). Meðalþyngd 8-10 ára hrygningarþorsks var hins vegar minni 1992 heldur en 1991.

Kynþroskahlutfall eftir aldri á hrygningartíma, sem einnig var metið eftir gögnum frá janúar-maí 1973-1992, er sýnt í töflu 3.1.5. Þar kemur fram veruleg aukning í hlutfallslegum kynþroska eftir aldri 1992 miðað við árið á undan.

2.1.3 Nýliðun

Nýliðun uppvaðandi þorskárganga er metin með tveimur mismunandi aðferðum. Svonefnd aldurs-aflu aðferð (VP-greining) gefur nokkra vísbendingu um árgangastyrk fjögurra ára fiska en litlar sem engar um yngri fisk. Árleg stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum gefur bestu vísbendingar um stærð uppvaðandi árganga.



Mynd 2.1.4. ÞORSKUR. Stærð þorskárganganna 1960-1992. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.1.4. COD. Year classes 1960-1992 at age 3 (in millions).


Niðurstöður fyrrgreindra rannsókna varðandi þorskárganga 1988 til 1992 eru þessar:

- Árgangar 1988 til 1990 eru taldir vera mjög lélegir eða 135, 155 og 137 milljónir nýliða. Þetta er nánast óbreytt niðurstaða frá fyrri ástandsskýrslu hvað varðar árgang 1989, en heldur hærri fyrir árgang 1988 og heldur lægri fyrir árgang 1990.
- Árgangur 1991 virðist vera einn lélegasti árgangur sem fram hefur komið síðustu áratuginna og er talinn vera 73 milljónir nýliða. Þessi árgangur er nú talinn enn lélegri en í síðustu úttekt árið 1992 (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29).
- Árgangur 1992 virðist vera mjög lélegur eða um 130 milljónir nýliða.

Eins og fram kom í síðustu úttekt hefur nýliðun þorskstofnsins verið með afbrigðum léleg síðan 1985 eða samfelld í 8 ár. Árgangur 1985 var til skamms tíma talinn í meðallagi en það hefur ekki staðist og virðist árgangurinn vera fremur lélegur eða um 170 milljónir nýliða. Árgangur 1986 er einn lélegasti þorskárgangur sem fram hefur komið síðustu fjóra áratuginna og er nú metinn 86 milljónir nýliða. Árgangar 1987-90 og 1992 virðast mjög svipaðir að stærð eða 130-155 milljónir nýliða, en árgangur 1991 virðist jafnvel enn lélegri en árgangur 1986. Þessi lélega nýliðun hefur skipt sköpum um þróun þorskstofnsins á allra síðustu árum og mun jafnframt hafa áhrif á þróun stofnsins á næstu árum að verulegu leyti. Fjöldi þriggja ára nýliða frá 1960 er sýndur á mynd 2.1.4.

2.1.4 Ástand stofnsins

Til að meta stærð þorskstofnsins var eins og áður notuð endurbætt aldurs-afla aðferð og tímaraðagreining (TS-greining). Með þessum aðferðum er unnt að nota vísitölur um stærð einstakra aldursflokka sem fást úr stofnmælingu botnfiska og togaraskýrslum til að meta dánarstuðla á árinu 1992. Eins og áður, bentu niðurstöður samkvæmt báðum aðferðum til þess að Grænlandsganga hefði komið fram í afla 1990 og var tekið tillit til þess við stofnmatið. Endurmat þessarar göngu nú bendir til þess að 31 milljón fiska hafi bæst í hrygningarstofninn árið 1990. Þegar bornir eru saman fiskveiðidánarstuðlar reiknaðir með báðum aðferðum, er munurinn óverulegur og langt innan tölfræðilegra öryggismarka. Niðurstöður tímaraðagreiningarinnar gefa þó ívið hærri fiskveiðidánarstuðla en fram koma í þessari skýrslu.



Mynd 2.1.5. ÞORSKUR. Stærð veiðistofns (fjögurra ára og eldri) og hrygningarstofns á hrygningartíma árin 1955-1993 í þús. tonna.

Fig. 2.1.5. COD. Fishable stock (4+) and spawning stock biomass at spawning time during the period 1955-1993 (thous. tonnes).

Í síðustu úttekt var veiðistofn áætlaður 640 þús. tonn við upphaf árs 1993 en er nú áætlaður um 630 þús. tonn. Stærð þorsstofnsins miðað við fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofnsins á árunum 1973-1993 er sýnd í töflu 3.1.7. Stærð hrygningarstofns á hrygningartíma 1993 miðað við 225 þús. tonna afla á árinu var áætluð 230 þús. tonn. Endurmat hrygningarstofnsins nú í ljósi nýrrar stofnúttektar og veiðanna á vetrarvertíðinni 1993 bendir til þess að stærð hans hafi verið um 210 þús. tonn. Stærð veiðistofns og hrygningarstofns á tímabilinu 1955-1993 er sýnd á mynd 2.1.5.

Tafla 3.1.9 sýnir stærð hrygningarstofns á hrygningartíma ásamt fjölda þriggja ára nýliða allt aftur til 1955. Það er ljóst að þegar hrygningarstofn hefur verið í minna lagi (minni en 500 þús. tonn) hafa orðið til 12 lélegir árgangar (minna en 150 milljónir nýliða) af 23. Þegar hrygningarstofn hefur verið yfir 500 þús. tonnum hafa hins vegar aðeins tveir af 15 árgöngum verið lélegir. Þrátt fyrir mikinn breytileika í nýliðun eru þetta allsterkar vísbendingar um tengsl nýliðunar og stærðar hrygningarstofns. Léleg nýliðun undanfarinna ára bendir eindregið til þess að stærð hrygningarstofnsins sé nú orðin óviðunandi.

Í nýlegri úttekt Alþjóðahafrannsóknaráðsins á ástandi þorsstofnana við Grænland kemur fram, að þorskur er nær algjörlega horfinn af miðunum við Vestur-Grænland og þorsstofninn við Austur-Grænland er sömuleiðis líftill. Nýliðun í stofnana þar er hverfandi og ekki verður séð að nokkurra gangna sem hressst gætu upp á hrygninguna og veiðarnar hér við land sé að vænta þaðan um fyrirsjáanlega framtíð.

2.1.5 Horfur og tillögur um hámarksafla 1993/94

Tafla 2.1.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunnar, ákvörðun stjórnvalda og þorskafla síðan 1986. Reiknað er með að á fiskveiðiárinu 1992/93 verði veidd 230 þúsund tonn sem er 25 þús. tonn umfram sett aflamark, og 40 þús. tonn umfram tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að aflinn árið 1993 verði einnig 230 þús. tonn. Spá um aldursdreifingu þorskaflans 1993 er sýnd á mynd 2.1.7. Ljóst er að tæplega fjórir fimmtu hlutar aflans á árinu 1993 verður 4-6 ára þorskur (árg. 1987-1989), en hlutdeild 7 ára þorsks og eldri verður aðeins rúmir 13 af hundraði.

TAFLA 2.1.1

Þorskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (þús. tonn) 1986-1993.
Cod. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾	1992/93 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	300	300	300	300	250	240	250	190
Heildaraflamark - National TAC	300 ³⁾	330 ³⁾	350	325	300	245	265	205
Aflamark Færeyinga - Quota (Faroes) ⁴⁾	2	2	2	2	2	1.5	1	0.7
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	366	390	376	354	333	245	273	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) ⁴⁾	3	2	2	2	2	2	1	-
Afli alls - Total landings	369	392	378	356	335	247	274	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August*

3) Ekki var í reglugerðum um stjórn botnfiskveiða 1984-1987 áætlað fyrir umframafla vegna ákvæða um heimildir sóknarmarksskipa, tilfærslu milli fisktegunda, flutnings milli ára og afla smábáta. (*Quota regulations for demersal species during the years 1984-1987 did not provide for extra catches, especially due to effort quota and other flexibilities in the system.*)

4) Almanaksár. *Calendar year.*

Meðalþyngd 4-8 ára þorsks í aflanum 1993 er áætluð með hliðsjón af meðalþyngd hvers árgangs árið áður og áætlaðri stærð loðnustofnsins, en hvort tveggja ræður miklu um meðalþyngd árganga árið eftir. Meðalþyngd þriggja og 9-14 ára þorsks miðast hins vegar við meðaltöl árána 1989-1992. Sama aðferð var notuð til að meta meðalþyngd á hrygningartíma. Undantekning er fjögurra ára þorskur, þar sem notuð var meðalþyngd árin 1989-1992. Kynþroskahlutfall eftir aldri hefur hins vegar hækkað. Sérstaklega sker árið 1992 sig úr hvað þetta snertir. Kynþroski árið 1993 er einnig yfir langtímaeðaltali en þó nokkru lægri en árið 1992 (um forsendur fyrir kynþroskaspám sjá töflu 3.1.10).

Eins og fram kemur í kafla 2.1.3 um nýliðun í þorskstofninn er gert ráð fyrir að árgangarnir frá 1985-1992 séu allir undir meðallagi. Sérstaklega eru árgangarnir frá 1986 og 1991 lélegir en báðir eru metnir innan við 100 milljónir þriggja ára nýliða. Árgangur 1991 er sá lakasti sem um getur fyrr og síðar og er nú metinn aðeins 73 milljónir þriggja ára nýliða. Þessi langvarandi lélega nýliðun mun ekki geta gefið af sér meira en um 200 þús. tonna afla á ári miðað við sóknarþungann í dag. Aukin sókn mun heldur ekki skila auknum afrakstri úr stofninum til lengri tíma lítið heldur fara líkurnar á áframhaldandi lélegri nýliðun vaxandi þegar tekið er tillit til núverandi stærðar hrygningarstofnsins og lakrar nýliðunar mörg undanfarin ár.

Miðað við þessar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á þorskstofninn eins og fram kemur í töflu 2.1.2 og mynd 2.1.6.

- Ef veidd verða 225 þús. tonn árin 1994 og 1995 mun veiðistofn, sem nú er í sögulegu lágmarki (um 40% af stofnstærð árið 1980), minnka niður fyrir 500 þús. tonn og hrygningarstofn niður fyrir 150 þús. tonn árið 1996.
- Við 200 þús. tonna afla munu bæði veiðistofn og hrygningarstofn halda áfram að minnka frá því sem nú er.
- Við 175 þús. tonna afla mun veiðistofn minnka í 580 þús. tonn árið 1995 og hrygningarstofn nánast standa í stað næstu árin.
- Aðeins með því að takmarka aflann enn frekar má gera ráð fyrir að stofninn nái að stækka svo nokkru nemi fram til 1996. Við 150 þús. tonna afla næstu ár mun veiðistofn aukast í 680 þús. tonn árið 1996 og hrygningarstofn í 270 þús. tonn.

Tilsvarendi framreikningar, þar sem miðað er við fiskveiðiár, gefa sömu niðurstöður.

Eins og fram hefur komið, hefur nýliðun í þorskstofninn verið mjög slök síðustu árin. Miklar líkur eru á því að endurnýjunargeta hrygningarstofnsins sé verulega skert miðað við fyrra ástand stofnsins. Ljóst er að áframhald þorskveiða með svipuðum afla og á yfirstandandi fiskveiðiarí og frekari skerðingu hrygningarstofnsins mun auka líkur á viðvarandi slakri nýliðun í stofninn.


Í ljósi þess sem að ofan greinir leggur Hafrannsóknastofnunin til að stefnt verði að uppbyggingu þorskstofnsins og leggur til að aflinn fari ekki fram úr 150 þús. tonnum fiskveiðiárið 1993/94.

Í síðustu skýrslu um ástand nytjastofna (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29) kom fram að ráðgjafanefnd (ACFM) Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) taldi of mikla áhættu fylgja því að reyna að halda hrygningarstofninum óbreyttum og lagði því til að þorskafli yrði takmarkaður við 150 þús. tonn á árinu 1993, 180 þús. tonn 1994 og 200 þús. tonn 1995 - eða samtals 530 þús. tonn á þremur árum. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar á sama tíma var að unnt væri að ná sömu markmiðum um uppbyggingu þorskstofnsins með því að veiða 175 þús. tonn á ári. Af þeim 530 þús. tonnum sem lagt var til að veidd yrðu á árunum 1993-1995 verður væntanlega búið að veiða 245 þús. tonn við árslok 1993 (15 þús. tonn á árinu 1992 og 230 þús. tonn á þessu ári) en eftir eru 285 þús. tonn sem koma til skiptanna 1994 og 1995 samkvæmt fyrri tillögum.

TAFLA 2.1.2
Þorskur. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) árin 1995-1996.
Cod. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1995-1996 for different management strategies.


1993					1994			1995			1996		
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Afli	Aflahámark TAC 1994-1995	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾
Stock 4+	Spawning stock		Catch		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock	
630	210	0,80	230	125	610	215	0,39	640	260	0,32	740	320	0,26
				150	610	210	0,48	610	235	0,42	680	270	0,37
				175	610	200	0,58	580	210	0,54	620	225	0,51
				200	610	195	0,68	550	190	0,69	560	180	0,71
				225	610	190	0,80	520	165	0,88	490	145	1,03

1) F= Veiddánartala 5-10 ára þorsks. F= Fishing mortality of age groups 5-10.



Mynd 2.1.6. ÞORSKUR. Stærð þorskstofnsins (þús. tonna) árin 1980-1994 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1995-1996.

Fig. 2.1.6. COD. Stock size (thous. tonnes) 1980-1994 and projection of stock and spawning stock biomass in 1995-1996 for different management strategies.



Mynd 2.1.7. ÞORSKUR. Spá um aldersdreifingu í aflanum (% af fjölda) 1993.

Fig. 2.1.7. COD. Prognosis of percentage age distribution (in numbers) of the 1993 catch.

2.1.6 Viðmiðunarmörk í þorskveiðum

Markmið veiðieftirlits er að halda sókn í fjögurra ára þorsk og yngri í skefjum með því að loka smáfisksvæðum um lengri eða skemmri tíma. Skyndilokun svæða vegna smáfisks byggist á viðmiðunarmörkum. Þau eru sett saman af hlutfallsmörkum og lengdarmörkum. Hlutfallsmörk segja til um leyfilegt hámarkshlutfall fiska undir lengdarmörkum í afla fiskiskipa. Lengdarmörk aðgreina fjögurra ára fisk og yngri frá eldri hluta stofnsins.


Viðmiðunarárgangur ársins 1994, árgangur 1990, er talinn mjög slakur eða um 140 millj. þriggja ára nýliða. Síðustu ár hafa lengdarmörk verið 55 sm og hlutfallsmörk oftast 25%, enda hafa viðmiðunarárgangar verið lélegir þessi ár. Ekki þykir ástæða til annars en nota sömu viðmiðunarmörk á næsta ári.

Því er lagt til að viðmiðunarmörk fyrir árið 1994 verði 25% undir 55 sm og gildi þau allt árið. Samkvæmt þessu verður gripið til aðgerða vegna smáþorsks í afla þegar hlutfall fiska undir 55 sm er herra en 25% í mælingum veiðieftirlitsmanna.

2.2 Ýsa

2.2.1 Affi og sókn

Ýsuaflinn á árinu 1992 var rúm 47 þús. tonn. Á fiskveiðiárinu 1991/92 var lagður til 50 þús. tonna hámarksafli, aflamark var sett það sama og aflinn varð 50 þús. tonn. Fyrir fiskveiðiárið 1992/93 lagði Hafrannsóknastofnunin til 60 þús. tonna aflahámark en aflamark var sett 65 þús. tonn. Á 8 fyrstu mánuðum yfirstandandi fiskveiðiárs (1992/93) var affi um 11% meiri en á sambærilegum tíma á síðasta fiskveiðiári og munar þar mest um aukinn afla togara. Mynd 2.2.1 sýnir árlegan ýsuafla og veiðidánartölur á árunum 1969-1992 en aflinn allt frá árinu 1950 er tilgreindur í töflu 3.2.1.



Mynd 2.2.1. ÝSA.
Heildaraflí (þús. tonna) árin
1969-1992 og
meðalveiðidánartala (F) 4-7
ára ýsu sama tímabil.


Fig. 2.2.1. HADDOCK.
Total landings (thous.
tonnes) 1969-1992 (upper
line) and mean F_{4-7} during
the same period.

Samkvæmt veiðiskýrslum minnkaði ýsuaflí á sóknareiningu nokkuð á árinu 1992 í helstu veiðarfæri svo sem botnvörpu og línu miðað við árið áður en var svipaður í net. Á sama tíma virðist sókn í ýsu hafa aukist töluvert. Árið 1992 var 7 ára ýsa lang mest áberandi í veiðinni, bæði

miðað við þunga (33%) og fjölda (um 25%). Þriggja ára ýsa var einnig áberandi í afla ársins 1992 (22% miðað við fjölda). Skipting ýsuaflans í fjölda eftir aldri á árunum 1973-1992 er sýnd í töflu 3.2.5 og veiðidánartölur í töflu 3.2.7.


2.2.2 Ástand stofnsins, árgangaskipan 1992, nýliðun og vöxtur

Veiðistofninn, sem nú er miðaður við þriggja ára fisk og eldri, er talinn hafa verið 245 þús. tonn og hrygningarstofninn 115 þús. tonn í ársbyrjun 1993 (mynd 2.2.2). Í síðustu úttekt var gert ráð fyrir að þessar tölur yrðu 270 og 120 þús. tonn. Þessi munur stafar af því að nú er notuð meðalþyngd úr stofnmælingu botnfiska. Þessi meðalþyngd er í flestum tilvikum mun lægri en meðalþyngd í afla sem áður var notuð (sjá síðar). Á hinn bóginn er matið lítt breytt hvað fjölda varðar.



Mynd 2.2.2. YSA. Stærð veiðistofns (3 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1969-1993 í þús. tonna.


Fig. 2.2.2. HADDOCK. Fishable stock (3+) and spawning stock biomass during the period 1969-1993 (thous. tonnes).



Mynd 2.2.3. YSA. Spá í júní 1992 og áætlun frá maí 1993 um hlutfallslega aldursdreifingu (% af fjölda) landaðs afla 1993.

Fig. 2.2.3. HADDOCK. Prognosis in June 1992 and estimate in May 1993 for percent age distribution (in numbers) in the 1993 landings.

Stóru árgangarnir frá 1984 og 1985 (nú taldir 90 og 160 milljón tveggja ára nýliða) hafa verið uppistaðan í veiðistofninum á undanförmum árum (tölur 3.2.5 og 3.2.6). Árgangarnir frá 1986, 1987 og 1988 eru hins vegar allir taldir mun minni en meðalárgangur. Metin stærð þeirra er svipuð og í síðustu úttekt. Lélegasti árgangurinn (1987) er þó talinn heldur stærri nú eða 26 milljónir tveggja ára fiska í stað 20 milljóna. Tveir stórir árgangar frá 1989 og 1990 (nú taldir 107 og 162 milljónir nýliða) eru að koma inn í veiðina. Mat á þeim er í samræmi við spár og breytist því lítið frá síðustu úttekt. Hluttur þriggja ára ýsu (árgangur 1990) í afla árið 1992 hefur ekki verið meiri síðan 1987 þegar 1985 árgangurinn var að komast í gagnid en stærð þessara árganga er mjög svipuð. Stærð ýsustofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiði- og hrygningarstofns á árunum 1973-1993 er sýnd í töflu 3.2.6.




Mynd 2.2.4. YSA. Stærð ýsuárganganna 1969-1992. Fjöldi við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.2.4. HADDOCK. Size of year classes 1969-1992 at age 2 (in millions).

Niðurstöður úr stofnmælingu botnfiska varðandi nýliðun ýsu gefa til kynna að árgangurinn frá 1991 sé nokkuð undir meðallagi eða 41 milljón nýliða. Árgangurinn frá 1992 er hins vegar talinn heldur skárri og ekki langt frá því að vera meðalárgangur með 54 milljónir nýliða (mynd 2.2.4). Við framreikninga er miðað við þessa stærð árganganna frá 1991 og 1992 en árgangur 1993 sé jafn meðalgildi árunna 1973-1988, þ.e. 62 milljónir tveggja ára nýliða.

Meðalþyngd ýsu eftir aldri hefur verið lág undanfarin 4-5 ár og kemur þetta fram bæði í aflagögnum og stofnmælingu botnfiska. Í lönduðum afla 1992 er 4-6 ára fiskur nú heldur að þyngjast. Í stað meðalþyngdar úr afla eru nú í fyrsta sinn notuð nákvæmari meðalþyngd úr stofnmælingu botnfiska á þriggja og tveggja ára fiski. Þetta er gert í ljósi þess að meðalþyngd úr afla á svo ungum og smáum fiski er bjöguð (nær aðeins til stærstu og þyngstu fiska í aldurshópnum) vegna kjörhæfni veiðarfæra. Þetta á einkum við um tveggja ára fiskinn, en einnig um þriggja ára fisk þó í minna mæli sé. Veiðistofn ýsu er nú miðaður við þriggja ára ýsu og eldri (í stað fjögurra ára áður) sem krefst nákvæmari meðalþyngdar þriggja ára ýsu. Meðalþyngd þessara tveggja aldurshópa (tveggja og þriggja ára) úr stofnmælingu er til samræmis framreiknuð á mitt ár (frá miðjum mars) út frá hlutfallslegum meðalvexti á nefndu árabili og tíma. Gögn úr stofnmælingu ná aðeins aftur til ársins 1985. Til samræmis eru þó einnig notuð gögn úr stofnmælingu botnfiska (á þessa tvo aldursflokka) fyrir árin 1973-1984. Meðalþyngd ýsu sem

notuð er í útreikningum á stofnstærð árin 1973-1992 er sýnd í töflu 3.2.2. Meðalþyngd ýsu í afla á árunum 1973-1992 er sýnd í töflu 3.2.3.



Mynd 2.2.5. YSA. Afrakstur og hrygningarstofn á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.

Fig. 2.2.5. HADDOCK. Yield and spawning stock biomass per 2 year old recruit at various fishing mortalities (F). $F_k = F_{0.1}$.

Til að áætla meðalþyngd 4-9 ára ýsu 1993 og framreikna stærð ýsustofnsins fyrir árin 1994-1996 er notað sambandið milli meðalþyngdar 4-9 ára ýsu úr afla og sömu árganga (3-8) árið áður fyrir tímabilið 1981-1992. Hvað yngri ýsu varðar er notuð meðalþyngd úr stofnmælingum botnfiska árin 1990-1992. Áætluð þyngd tveggja og þriggja ára fisks fyrir árið 1993 er hinsvegar byggð á niðurstöðum (framreiknuðum á mitt ár) úr stofnmælingu sama árs (tafla 3.2.8). Kynþroskahlutfall eftir aldri frá árunum 1990-1992 er notað við útreikning á stærð hrygningarstofns fyrir árið 1993 og einnig við hliðstæðan framreikning fyrir árin 1994-1996. Þó er árinu 1990 sleppt í þessum meðaltölum fyrir tveggja ára ýsu og gert ráð fyrir að ekkert af svo ungrri ýsu sé kynþroska (tölur 3.2.4 og 3.2.8).

2.2.3 Tillögur um hámarksaflla fiskveiðiárið 1993/94

Tafla 2.2.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvarðanir stjórnvalda og ýsuaflla síðan 1986.

TAFLA 2.2.1

Ýsa. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affli (þús. tonn) 1986-1993. Haddock. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾	1992/93 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	45	50	60	60	60	38	50	60
Heildaraflamark - National TAC	60	60	65	65	65	48	50	65
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	47	40	53	62	66	40	49	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) ³⁾	2	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	49	41	54	63	67	41	50	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.


3) Almanaksár. Calendar year.

Framreikningar á stærð ýsustofnsins (tafla 2.2.2, mynd 2.2.7) eru byggðir á því að aflinn á árinu 1993 verði 60 þús. tonn og á áður nefndum forsendum um árgangastærð, meðalþyngd, kynþroska og nýliðun.

TAFLA 2.2.2
Ysa. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins
(þús. tonn) 1995-1996.
Haddock. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes)
in 1995-1996 for different management strategies.

1993					1994			1995			1996	
Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Afli	Aflahámark 1993-1994 TAC	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 3+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 3+	Hrygn.-stofn
Stock 3+	Spawning stock		Catch	1993-1994	Stock 3+	Spawning stock		Stock 3+	Spawning stock		Stock 3+	Spawning stock
245	115	0,70	60	50	270	145	0,36	280	170	0,26	290	185
				65	270	145	0,49	260	160	0,38	255	160
				80	270	145	0,63	245	145	0,56	220	130

1) F= Veðiðánartala 4-7 ára ýsu. F= Fishing mortality of age groups 4-7.




Mynd 2.2.6. YSA. Spá um aldersdreifingu (% af fjölda) í aflanum 1994.

Fig. 2.2.6. HADDOCK. Prognosis of percent age distribution (in numbers) in the 1994 catch.

Veðistofn næstu ára byggist að langmestu leyti á stóru árgöngunum frá 1989 og 1990. Áætlað er að í ársbyrjun 1993 sé stór hluti veiðistofnsins eða 59% af fjölda (38% af þunga) aðeins þriggja ára gamall fiskur. Ljóst er því að mikið verður af þriggja ára fiski í veiði 1993 og hlutur ungyssu (yngri en 5 ára) í afla fer vaxandi (1989 og 1990 árgangarnir). Hlutur fjögurra ára ýsu á árinu 1994 verður síft minni en 1993 (myndir 2.2.3 og 2.2.6). Þessi veiði á ungyssu er vel þekkt í sögu ýsuveiðanna og er í raun afleiðing mjög sveiflukenndrar nýliðunar. Ljóst er að slíkt veiðimynstur rýrir afrakstur stórra árganga þegar þeir fara að eldast og ná verulegri þyngd.

Í ársbyrjun 1994 er gert ráð fyrir að veiðistofn og hrygningarstofn hafi stækkað verulega og náð 270 og 145 þús. tonna stærð. Leita verður aftur til árána eftir 1980 til að finna sambærilega stofnstærð.



Mynd 2.2.7. YSA. Stærð ýsustofnsins (þús. tonna) árin 1980-1994 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1995-1996.

Fig. 2.2.7. HADDOCK. Stock size (thous. tonnes) 1980-1994 and projection of stock and spawning stock biomass in 1995-1996 for different management strategies.

Ljóst er að veiðistofn ýsu er í ágætu ástandi en hann samanstendur nú að miklu leyti af ungum fiski. Mikil sókn í slíkan stofn er óskynsamleg. Veiðidánarstuðlar á 4-7 ára ýsu hafa verið mjög háir það sem af er árinu 1993 ($F=0,7$). Nauðsynlegt er að draga úr sókn þannig að veiðidánarstuðlarnir lækki og stóru árgangarnir frá 1989 og 1990 nýtist betur. Ef veiðin verður 50 þús. tonn 1994 þyrfti að minnka sóknina um 50% frá því sem verið hefur en um 30% ef veiðin verður 65 þús. tonn. Stofninn helst þá í námunda við 260 þús. tonn. Ef miðað væri við 80 þús. tonna afla drægi óverulega úr sókninni og stofninn minnkaði í 220 þús. tonn.

Hafrannsóknastofnunin leggur því til að ýsuafli á næsta fiskveiðiári (1993/94) fari ekki yfir 65 þús. tonn.


2.3 Ufsi

2.3.1 Afli, sókn og árgangskipan 1992

Ufsaafliinn árið 1992 varð rúmlega 79 þús. tonn en var um 103 þús. tonn árið 1991 (mynd 2.3.1 og tafla 3.3.1). Afli togara á sóknareiningu var um 5% minni en árið á undan en mjög svipaður hjá netabátum. Hinsvegar var sókn togara í ufsa á árinu 1992 um 20% minni en árið 1991 og sókn netabáta minnkaði um 17% á sama tíma.


Ufsaafliinn á tímabilinu janúar-mars 1993 var um 18 þús. tonn miðað við 19 þús. tonn 1992. Áætluð aldursskipting í aflanum árið 1993 er sýnd á mynd 2.3.2.

Ufsaafli togara 1992 byggðist að þrem fjórðu hlutum á 5-8 ára fiski og var hlutdeild þessara aldursflokka nokkuð jöfn eða 15-22% af fjölda. Afli netabáta byggðist mest á eldri ufsa, 7-9 ára gömlum og var 8 ára ufsi (árg. 1984) algengastur eða 38% af fjölda. Skipting ufsaafllans í fjölda eftir aldri á árunum 1973-1992 er sýnd í töflu 3.3.4 og veiðidánartölur í töflu 3.3.6. Aldurskipting afla frá árinu 1980 var endurreiknuð og frá árinu 1988 voru notaðar ítarlegri upplýsingar um lengdardreifingu í botnvörpuafli. Vegna þessara endurreikninga eru tölur um aldursdreifingu afla, meðalþyngd og kynþroska ekki sambærilegar við fyrri úttekt (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29). Hér er um minni háttar breytingar að ræða sem hafa óveruleg áhrif á áætlun stofnstærðar. Sókn í ufsastofninn hefur verið svipuð á undanförmum árum og ekki mikið umfram kjörsókn eins og fram kemur í myndum 2.3.1 og 2.3.3.



Mynd 2.3.1. UFSI. Heildarafi (þús. tonn) árin 1965-1992 og meðalveiðidánartala 4-9 ára ufsa sama tímabil.

Fig. 2.3.1. SAITHE. Total landings (thous. tonnes) 1965-1992 (upper line) and mean F_{4-9} during the same period.



Mynd 2.3.2. UFSI. Spá í maí 1992 og áætlun frá maí 1993 um hlutfallslega aldursdreifingu (% af fjölda) landaðs afla 1993.

Fig. 2.3.2. SAITHE. Prognosis in May 1992 and an estimate in May 1993 for percent (in numbers) age distribution in the 1993 landings.


2.3.2 Vöxtur og kynþroski

Meðalþyngd ufsa í lönduðum afla hefur farið minnkandi á undanförmum árum, eða um 25% frá árinu 1986 til 1991 (tafla 3.3.2). Meðalþyngd 5-7 ára fisks jókst hins vegar nokkuð á árinu 1992. Hjá ufsa er marktækt samband á milli árgangastærðar og meðalþyngdar 4-9 ára fisks í lönduðum afla og skýrist minnkandi meðalþyngd, a.m.k að hluta, af stærð ufsaárganganna frá 1983-1985. Einnig eru vísbendingar um göngur hægvoxta ufsa inn á íslenska hafsvæðið á árinu 1991.

Gögn um kynþroskahlutfall úr lönduðum afla frá árunum 1980-1992 (tafla 3.3.3) sýna óeðlilegar breytingar frá ári til árs sem stafa líklega af misvísandi sýnum úr afla. Við mat á kynþroskahlutfalli árunum 1980-1993 var því notað tölfræðilegt líkan þar sem kynþroskahlutfall var metið sem fall af aldri og árgangastærð.


2.3.3 Ástand stofnsins og nýliðun

Eins og áður hefur komið fram í skýrslum Hafrannsóknastofnunarinnar (Fjölrit nr. 29) um ástand fiskstofna ná seiðarannsóknir og stofnmæling með botnvörpu hvorki til ufsaseiða né yngstu árganga ufsa. Í framreikningum á stærð ufsastofnsins hefur því venjulega verið miðað við meðalnýliðun á tilteknu tímabili.



Mynd 2.3.3. UFSI. Afrakstur og hrygningarstofn á 3 ára nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.

Fig. 2.3.3. SAITHE. Yield and spawning stock biomass per 3 year old recruit at various fishing mortalities (F). $F_k = F_{0.1}$.




Mynd 2.3.4. UFSI. Stærð veiðistofns (4 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1968-1993 (þús. tonna).

Fig. 2.3.4. SAITHE. Fishable stock (4^+) and spawning stock biomass during the period 1968-1993 (thous. tonnes).

Til þess að meta fiskveiðidánarstuðla árið 1992 voru bornar saman niðurstöður sem fengust með ýmsum viðurkenndum stofnmatsaðferðum. Svokölluð tímaraðgreining (TS) gaf besta innbyrðis samræmi og voru þær niðurstöður notaðar í hefðbundna aldurs-afla aðferð (VP-greiningu).

Nú er gert ráð fyrir að í ársbyrjun 1993 hafi veiðistofninn (fjögurra ára fiskur og eldri) verið um 355 þús. tonn (mynd 2.3.4), sem er um það bil það sama (365 þús. tonn) og áætlað var í síðustu úttekt. Árgangurinn frá 1984, sem er stærsti ufsaárgangur sem komið hefur fram síðustu þrjá áratugi (talinn um 100 milljónir þriggja ára nýliða) og árgangurinn frá 1985 (60 milljónir) hafa verið megin uppistaðan í stofninum á undanförmum árum. Árgangarnir frá 1986 og 1987 eru taldir vera meðalstórir eða um 40 milljónir nýliða. Vegna óvissu um yngri árganga er gert ráð fyrir að þeir séu einnig meðalstórir. Stærð hrygningarstofnsins í ársbyrjun 1993 er nú metin svipuð og í síðustu úttekt eða um 205 þús. tonn. Ef aflinn árið 1993 verður 90 þús. tonn er áætlað að veiðistofn ufsa í ársbyrjun 1994 verði 340 þús. tonn og hrygningarstofninn 190 þús. tonn.



Mynd 2.3.5. UFSI. Stærð ufsaárganganna 1965-1992. Fjöldi við 3 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.3.5. SAITHE. Year classes 1965-1992 at age 3 (in millions).

TAFLA 2.3.1

Ufsi. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993. Saithe. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾	1992/93 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	60	65	75	80	90	65	70	80
Heildaraflamark - National TAC	70	70	80	80	90	65	75	92
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	64	78	74	80	95	69	86	-
Afli annarra þjóða - Landings (others) ³⁾	2	2	3	2	3	2	2	-
Afli alls - Total landings	66	80	77	82	98	71	88	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

3) Almanaksár. Calendar year.

Stærð ufsastofnsins í fjölda eftir aldri og þyngd veiðistofns og hrygningarstofns á árunum 1973-1993 er sýnd í töflu 3.3.5.

2.3.4. Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 1993/94

Tafla 2.3.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar, ákvarðanir stjórnvalda og ufsaafli síðan árið 1986.

TAFLA 2.3.2


Ufsi. Áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1995-1996.

Saithe. Projection of stock and spawning stock biomass (thousand tonnes) in 1995-1996 for different management strategies.

1993					1994			1995			1996	
Stofn 4+	Hrygn.-stofn	$F^{1)}$	Afli	Aflahámark 1994-1995	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	$F^{1)}$	Stofn 4+	Hrygn.-stofn	$F^{1)}$	Stofn 4+	Hrygn.-stofn
Stock 4+	Spawning stock		Catch	TAC 1994-1995	Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock		Stock 4+	Spawning stock
355	205	0,36	90	60	340	190	0,24	355	195	0,23	370	205
				75	340	190	0,32	340	180	0,33	335	175
				90	340	190	0,40	320	170	0,45	305	150


1) F = Veiðidánartala 4-9 ára ufsa. F = Fishing mortality of age groups 4-9.

Í framreikningum á stofnstærð sem sýndir eru í töflu 2.3.2 og á mynd 2.3.6 er gert ráð fyrir að yngstu árgangarnir (1988-1991) séu af meðalstærð eða 40 milljónir þriggja ára nýliða. Kynþroski eftir aldri árin 1993-1996 er áætlaður út frá sambandi á milli kynþroska, aldurs og árgangastyrks. Meðalþyngd 4-9 ára fisks eftir aldri fyrir sama tímabil var metin með aðhvarfsgreiningu þar sem tekið er tillit til árgangastyrks og meðalþyngdar sama aldursflokks árið áður. Meðalþyngd þriggja og 10-14 ára ufsa miðast hins vegar við meðaltöl árána 1990-1992 (tafla 3.3.7). Spá um aldursskiptingu aflans árið 1994 er sýnd á mynd 2.3.7.



Mynd 2.3.6. UFSI. Stærð ufsastofnsins (þús. tonna) árin 1980-1994 og áhrif mismunandi aflhámarks á áætlaða stærð hans 1995-1996.

Fig. 2.3.6. SAITHE. Stock size (thous. tonnes) 1980-1994 and projection of stock and spawning stock biomass in 1995-1996 for different management strategies.



Mynd 2.3.7. UFSI. Spá um aldersdreifingu í lönduðum afla (% af fjölda) 1994.

Fig. 2.3.7. SAITHE. Prognosis of percent age distribution (in numbers) in the 1994 landings.

Hámarksafurkastur ufsastofnsins til lengri tíma litið er um 70-80 þús. tonn. Miðað við ofangreindar forsendur eru reiknuð áhrif mismunandi afla á ufsastofninn eins og fram kemur í töflu 2.3.2 og mynd 2.3.6.

Ef veidd verða 90 þús. tonn mun veiðistofn ufsa minnka úr 355 þús. tonnum í um 305 þús. tonn og hrygningarstofn úr 205 þús. tonnum í 150 þús. tonn í ársbyrjun 1996. Við 75 þús. tonna afla minnka veiði- og hrygningarstofn óverulega, en við 60 þús. tonna afla munu bæði veiði- og hrygningarstofn vaxa dálftið á næstu tveim árum.

Í ljósi þessa og með tilliti til þess að bæði hrygningarstofn og veiðistofn eru nú yfir meðalstærð síðastliðins áratugar, leggur Hafrannsóknastofnunin til að sókn í ufsa verði svipuð og árið 1992 ($F_{4-9} = 0,3$) þannig að ufsaafli á fiskveiðiárinu 1993/94 fari ekki yfir 75 þús. tonn.

2.4 Karfi

Þess var getið í síðustu skýrslum um ástand nytjastofna (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 25 og 29) að nafngiftir karfategunda og stofna hafa stundum verið á reiki. Þannig hefur tegundarheitið karfi verið notað um *Sebastes marinus* en í reynd jafnframt verið notað sem safnheiti fyrir þær þrjár karfategundir sem finnast við landið. Ein tegundin, *Sebastes mentella*, skiptist í tvo megin stofna, þ.e. djúpkarfa og úthafskarfa.

Í von um að koma megi í veg fyrir áframhaldandi nafnabrengr eru eftirfarandi tegundanöfn nú notuð á Hafrannsóknastofnun yfir karfategundir við landið:

Sebastes viviparus = Litli karfi
Sebastes marinus = Gullkarfi (stóri karfi, venjul. karfi, grunnkarfi)
Sebastes mentella < Djúpkarfi
 Úthafskarfi

Heitið gullkarfi fyrir tegundina *Sebastes marinus* er þýðing á nafni, sem Þjóðverjar og Bretar hafa lengi notað fyrir *S. marinus*, þ.e. Goldbarsch og golden redfish. Áður hafði verið stungið upp á heitinu grunnkarfi fyrir þá tegund. Það er þó miður heppilegt því litli karfi (*S. viviparus*) er


í raun eina karfategundin hér við land, sem heldur sig á grunnsævi. Litli karfi er smávaxin karfategund sem ekki er nýtt ennþá og er því ekki fjallað um hann í þessari skýrslu.

Báðar tegundirnar, gullkarfi og djúpkarfi, eru eins og áður meðhöndlaðar sem ein væri, þar sem á síðustu árum hefur ekki reynst unnt að skilja þær að í afla með öruggum hætti. Áfram verður reynt að finna leiðir til að aðgreina þessar tegundir í aflanum.

2.4.1 Afl og sókn

Talið er að sömu stofnar gullkarfa og djúpkarfa séu á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar. Á Íslandsmiðum var samanlagður aflur gullkarfa og djúpkarfa á bilinu 92-97 þús. tonn á árunum 1988-1992. Aflur á sóknareiningu var frekar stöðugur nýfunda áratuginn og heildaraflinn tiltölulega jafn frá ári til árs. Hins vegar minnkaði aflur á sóknareiningu verulega á árinu 1992 og þess sjást einnig merki á árinu 1991. Heildaraflur gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum frá 1950 er sýndur í töflu 3.4.1 og skipting aflans eftir tegundum árin 1970-1989 er sýnd á mynd 2.4.1.

Tafla 2.4.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um aflamark og heildarkarfafla á Íslandsmiðum síðan 1986.



Mynd 2.4.1 KARFI.
Heildaraflur (þús. tonna) á
Íslandsmiðum 1970-1989.

Fig. 2.4.1 REDFISH. Total
landings (thous. tonnes) from
Iceland grounds 1970-1989.

Við Austur-Grænland minnkaði aflinn úr um 10 þús. tonnum árið 1988 í um 3.000 tonn 1989 en jókst síðan og varð rúm 10 þús. tonn 1991. Á þessu svæði varð karfaflinn aðeins rúmlega 3.000 tonn árið 1992.

Við Færeyjar var aflur karfategunda mestur árið 1986 rúm 21 þús. tonn. Síðan fór aflinn minnkandi ár frá ári og var tæp 12 þús. tonn árið 1990, en jókst aftur og varð 15 þús. tonn bæði 1991 og 1992.


Í heild minnkaði aflur gullkarfa og djúpkarfa á svæðinu Austur-Grænland/Ísland/Færeyjar úr um 120 þús. tonnum 1988 í um 111 þús. tonn 1989 og 1990, jókst aftur í um 116 þús. tonn 1991 en minnkaði síðan í 112 þús. tonn 1992 (mynd 2.4.2).

TAFLA 2.4.1
Karfi. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993.
Redfish. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC
and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ²⁾	1992/93 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	85	75	75	75	80	55	90	90
Heildaraflamark - National TAC	100	95	85	77	80	55	90	104
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	86	88	94	92	91	63	92	-
Afli annarra þjóða - Landings (others)	1	1	1	1	1	1	1	-
Afli alls - Total landings	87	89	95	92	92	64	93	-

- 1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. *January-August 1991.*
 2) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

Mest veiddist af úthafskarfa 105 þús. tonn árið 1986. Árin 1987 og 1988 var úthafskarfaafinn um 90 þús. tonn, minnkaði í um 38 þús. tonn árin 1989 og í um 32 þús. tonn 1990. Árið 1991 varð afli af úthafskarfa kominn niður í tæp 23 þús. tonn en jókst aftur í tæp 57 þús. tonn 1992 (tafla 3.4.3). Þessar veiðar voru einkum stundaðar af Sovétmönnum, Austur-Þjóðverjum og Búlgörum. Sovétmenn drógu stórlega úr veiði á úthafskarfa árið 1989 og Austur-Þjóðverjar hættu alveg ári seinna. Fyrrum lönd Sovétríkjanna hafa nú aukið sóknina aftur svo sem Rússland, Lettland og Eistland. Þá hafa Þjóðverjar einnig hafið veiðar að nýju. Bæði Færeyingar og Norðmenn sóttu meira í úthafskarfan á árinu 1992 en árið áður.



Mynd 2.4.2 KARFI.
 Heildarafli (í þús. tonna) árin
 1970-1992 á svæðinu
 Austur-Grænland, Ísland,
 Færeyjar.

Fig. 2.4.2. REDFISH. Total
 landings (thous. tonnes)
 1970-1992 from East-
 Greenland, Iceland and the
 Faroes.

Íslendingar hófu veiðar á úthafskarfa 1989 og Norðmenn árið 1990. Afli Íslendinga var um 3.800 tonn árið 1989, 4.500 tonn 1990, 8.900 tonn árið 1991 og 16.000 tonn árið 1992 (að meðtöldu úrkasti). Á árinu 1991 hófu Íslendingar veiði úr þessum stofni innan eigin efnahagslögsögu. Veiðitímabilin 1992 og 1993 hófust einnig innan íslensku lögsögunnar en áður höfðu Íslendingar svo til eingöngu veitt utan efnahagslögsögu Íslands og Grænlands. Afli íslenskra togara innan íslensku lögsögunnar var um 2.000 tonn árið 1992. Skipting karfaflans


eftir svæðum á árabílinu 1969-1992 er sýnd í töflu 3.4.2 og eftir tegundum árin 1978-1992 í töflu 3.4.3.

2.4.2 Lengdardreifing í afla

Lengdardreifing gullkarfa í afla árið 1992 var svipuð og árin 1990 og 1991. Meðallengd var 38,7 sm 1992 en 38,5 sm tvö síðustu árin þar á undan.

Lengdardreifing djúpkarfa sýnir að fiskurinn var heldur stærri 1992 (40,4 sm) en 1991 (39,5 sm).

Á árinu 1992 var meðallengd úthafskarfa 36,5 sm en var 36,9 sm árið 1991.



Mynd 2.4.3 KARFI. Afli (þús. tonna) og afli á togtíma (tonn/klst.) í karfaveiðum Íslendinga á árunum 1980-1992.

Fig. 2.4.3. REDFISH. Landings (thous. tonnes) and CPUE (tn/hour) in the Icelandic redfish fisheries during 1980-1992.

2.4.3 Ástand karfastofna

Samanlagður afli beggja tegunda, gullkarfa og djúpkarfa á Íslandsmiðum, var tiltölulega jafn um alllangt skeið (tafla 3.4.1). Sama gildi um afla á togtíma sem benti til þess að þessir karfastofnar væru í jafnvægi þegar á heildina er litið (mynd 2.4.3). Nú hefur komið í ljós, að afli á togtíma hefur minnkað síðustu tvö árin, einkum árið 1992 þegar afli á togtíma mældist minni en verið hefur síðan 1980. Þá sýna vísitölur úr stofnmælingu botnfiska að afli gullkarfa á sóknareiningu hefur minnkað um helming á s.l. fimm árum.

2.4.4 Tillögur um hámarksafli

Þar sem stofnstærð gullkarfa virðist fara minnkandi og afli á sóknareiningu fyrir gullkarfa og djúpkarfa saman hefur minnkað verulega upp á síðkastið leggur Hafrannsóknastofnunin til að hámarksafli þessara tegunda á Íslandsmiðum á fiskveiðiárinu 1993/94 verði 80 þús. tonn. Þessi tillaga byggist m.a. á sóknargögnum sem sýna að afli á sóknareiningu hefur minnkað um 10% á s.l. tveimur árum, einkum 1992.


Eins og að framan greinir veiðist úthafskarfi í lögsögu Grænlands og Íslands, en aðallega þó á hinum alþjóðlega hluta Grænlandshafs og nærliggjandi hafsvæðum. Bergmálmælingar sem gerðar voru á íslenskum og rússneskum rannsóknaskipum sumarið 1992 sýna að stærð

úthafskarfastofnsins er a.m.k. 1.9 millj. tonna. Hafrannsóknastofnunin telur að halda þurfi áfram bergmálmælingum á stærð stofnsins. Af þessari tegund karfa veiddust samtals 56.500 tonn árið 1992. Ljóst er að hægt er að veiða mun meira en þetta (tafla 3.4.3). Takmarka ætti veiðarnar fyrst um sinn við 150 þús. tonn á ári.

2.5 Grálúða

2.5.1 Afli, sókn og árgangskipan 1992

Heildarafli grálúðu við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar árið 1992 var 35 þús. tonn en þar af veiddu Íslendingar u.þ.b. 30 þús. tonn. Til samanburðar var aflinn árið 1991 heldur meiri eða 38 þús. tonn og var hlutur Íslendinga tæp 35 þús. tonn (tafla 3.5.1). Hafrannsóknastofnunin lagði til að leyfilegur hámarksafli yrði 25 þús. tonn fiskveiðiárið 1991/92 og 30 þús. tonn fiskveiðiárið 1992/93. Grálúðuafli á tímabilinu janúar-apríl 1993 var tæplega 8 þús. tonn (bráðabirgðatölur Fiskifélags Íslands) en á sama tíma í fyrra var búið að landa rúmlega 7 þús. tonnum. Gert er ráð fyrir að heildarafli grálúðu allt árið 1993 verði um 34 þús. tonn.




Mynd 2.5.1. GRÁLÚÐA. Aldursdreifing í afla (% af fjölda) árin 1991 og 1992.

Fig. 2.5.1. GREENLAND HALIBUT. Percent age distribution (in numbers) in the 1991 and 1992 catches.

Uppistaðan í aflanum árið 1992 var 8-10 ára fiskur (mynd 2.5.1). Helstu breytingar í aldursamsetningu árið 1992 felast í hlutfallslegri aukningu á 10-11 ára fiski í aflanum og hlutfallslegri fækkun á 5-6 ára, og 13 ára og eldri fiski. Tafla 3.5.4 sýnir aflann í fjölda eftir aldri á árunum 1976-1992.

Sókn er metin eftir upplýsingum úr veiðidagbókum togara. Sókn í grálúðu hefur aukist jafnt og þétt síðan árið 1981 og náði hámarki árið 1989 (mynd 2.5.2). Afli á sóknareiningu hefur að sama skapi farið minnkandi og hefur aldrei verið eins líttill og árin 1990-1992 (mynd 2.5.2).




Mynd 2.5.2. GRÁLÚÐA. Heildarsókn (þús. togtímar) og afli á togtíma (tonn/klst.) árin 1977-1992.

Fig. 2.5.2. GREENLAND HALIBUT. Total effort (thous. hours trawling) and CPUE (tn/hour) during the period 1977-1992.

2.5.2 Ástand stofnsins


Grálúða við Austur-Grænland, Ísland og Færeyjar er talin vera sami stofninn. Við útreikninga á stofnstærð var notuð aldurs-afla aðferð (VP-greining) þar sem stuðst var við upplýsingar um afla á sóknareiningu frá togurum við mat á fiskveiðidánarstuðlum. Tekið var tillit til sóknarbreytinga sem hafa átt sér stað á undanförmum árum. Veiðidánartala hækkaði ört fram til 1980 (mynd 2.5.3). Á árunum 1980-1984 var hún á bilinu 0,33-0,48 en lækkaði síðan í 0,26 árið 1985. Veiðidánartalan náði aftur hámarki (0,54) árið 1989 en hefur síðan sveiflast frá því að vera 0,42 árið 1990, 0,53 árið 1991 og 0,47 árið 1992.



Mynd 2.5.3. GRÁLÚÐA. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1976-1992 og meðalveiðidánartala (F) 8-13 ára grálúðu sama tímabil.


Fig. 2.5.3. GREENLAND HALIBUT. Total landings (thous. tonnes) 1976-1992 (upper line) and mean F_{8-13} during the same period.

Veiðistofninn (6 ára fiskur og eldri) fór vaxandi fram til ársins 1987 en þá var hann um 245 þús. tonn (mynd 2.5.4 og tafla 3.5.5). Grálúðustofninn hefur farið minnkandi síðan 1987 og er talinn hafa verið um 175 þús. tonn í ársbyrjun 1993. Hrygningarstofninn náði hámarki á árunum 1987 og 1988, um 112 þús. tonnum, en er talinn hafa verið um 75 þús. tonn í ársbyrjun 1993.



Mynd 2.5.4. GRÁLÚÐA. Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) og hrygningarstofns árin 1976-1992 í þúsundum tonna.

Fig. 2.5.4. GREENLAND HALIBUT. Total stock (6⁺) and spawning stock biomass during the period 1976-1992 (thous. tonnes).




Mynd 2.5.5. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðuárganganna 1971-1987. Fjöldi við 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.5.5. GREENLAND HALIBUT. Size of year classes 1971-1987 at age 5 (in millions).

Árgangarnir 1980-1982 eru yfir meðallagi. Þar af er 1981 árgangurinn stærstur eða um 46 milljónir fiska (mynd 2.5.5). Síðan hefur nýliðun minnkað og virðist 1985 árgangurinn undir meðallagi eða um 29 milljónir fiska.

Afrakstur á nýliða er sýndur á mynd 2.5.6. Þar kemur fram að sóknin á árinu 1992 ($F_{92} = 0,47$) var langt umfram kjörsókn ($F_k = 0,22$).



Mynd 2.5.6. GRÁLÚÐA. Afrakstur og hrygningarstofn á 5 ára nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.

Fig. 2.5.6. GREENLAND HALIBUT. Yield and spawning stock per 5 year old recruit at various fishing mortalities (F). $F_k = F_{0.1}$.

Kynþroski eftir aldri á árunum 1985-1990 byggist á meðaltölum árána 1982- 1984 og 1991. Meðalþyngd og kynþroski eftir aldri er sýndur í töflum 3.5.2 og 3.5.3.

2.5.3 Horfur og tillögur um hámarksafli 1993/94

Tafla 2.5.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar, ákvarðanir stjórnvalda og grálúðuafla síðan árið 1986.

TAFLA 2.5.1

Grálúða. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflagámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og affi (þús. tonn) 1986-1993. Greenland halibut. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.


Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991 ¹⁾	1991/92 ³⁾	1992/93 ³⁾
Tillaga - Recommended TAC	25	25	30	30	30	27	25	30
Heildaraflamark - National TAC	30	30	30	30	30 ²⁾	33	25	30
Afli Íslendinga - Landings (Iceland)	31	45	49	58	36	31	30	-
Afli annara - Landings (others) ⁴⁾	-	-	0.4	1	1	0.2	0	-
Afli alls - Total landings	31	45	49	59	37	31	30	-

1) Tímabilið janúar-ágúst 1991. January-August 1991.

2) Með tilliti til reglugerðarákvæða um heimildir sóknarmarks og tilfærslu milli fisktegunda, gat grálúðuaflinn hins vegar orðið um 45 þús. tonn. (According to regulations by effort quota and other flexibilities in the quota system, the landings of Greenland halibut in 1990 could have reached about 45 thous. tonnes).

3) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

4) Almanaksárið. Calendar year.



Mynd 2.5.7. GRÁLÚÐA. Stærð grálúðustofnsins (þús. tonna) árin 1980-1994 og áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð hans 1995-1996.

Fig. 2.5.7. GREENLAND HALIBUT. Stock size (thous. tonnes) 1980-1994 and projection of stock and spawning stock biomass in 1995-1996 for different management strategies.

Í framreikningum er gert ráð fyrir að aflinn 1993 verði 34 þús. tonn og að nýliðun verði nálægt meðaltali árána 1976-1990 eða 33 milljónir 5 ára fiska. Ennfremur er gert ráð fyrir að kynþroski verði eins og meðaltal árána 1990-1992.

TAFLA 2.5.2

Grálúða. Áhrif mismunandi aflahámarks á áætlaða stærð stofnsins (þús. tonn) 1995-1996.

Greenland halibut. Projection of stock and spawning stock biomass (thous. tonnes) in 1995-1996 for different management strategies.

1993				Aflahámark 1994-1995			1994			1995			1996	
Stofn 6+	Hrygn.-stofn	Afli F ¹⁾	Catch	TAC 1994-1995	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	F ¹⁾	Stofn 6+	Hrygn.-stofn	Stofn 6+	Hrygn.-stofn
Stock 6+	Spawning stock			TAC 1994-1995	Stock 6+	Spawning stock		Stock 6+	Spawning stock		Stock 6+	Spawning stock	Stock 6+	Spawning stock
175	75	0.44	34	25	180	75	0.29	190	85	0.27	205	95		
				35	180	75	0.44	180	75	0.45	180	75		
				45	180	75	0.60	170	70	0.70	160	60		

1) F= Veðiðánartala 8-13 ára grálúðu. F= Fishing mortality of age groups 8-13.


Við 45 þús. tonna afla mun stofninn hraka frá ársbyrjun 1994 til 1996 (tafla 2.5.2). Veðistofn mun verða 160 þús. tonn og hrygningarstofn 60 þús. tonn í ársbyrjun 1996. Við 35 þús. tonna afla mun stofninn hins vegar standa í stað. Við 25 þús. tonna afla mun stofninn vaxa og í ársbyrjun 1996 er áætlað að veðistofninn verði 205 þús. tonn og hrygningarstofninn 95 þús. tonn.

Á árunum 1982-1986 var veðistofninn áætlaður 210-230 þús. tonn en þá var ársaflinn um 30 þús. tonn. Því virðist sem grálúðustofninn geti staðið undir ársafla að þessu marki þegar hann hefur náð ofangreindri stærð, en þoli ekki aukið álag eins og varð á árunum 1987-1989 þegar heildaraflinn fór upp í 47-61 þús. tonn. Þrátt fyrir aukna veiðitækni og staðþekkingu, hefur afli á sóknareiningu minnkað og aldrei verið minni en árin 1990-1992 (mynd 2.5.2).

Með hliðsjón af framansögðu er æskilegt að draga úr sókn í grálúðustofninn. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að heildaraflí grálúðu á Íslandsmiðum fiskveiðiárið 1993/94 verði 25 þús. tonn. Með þessu móti er líklegt að grálúðustofninn fari heldur vaxandi á næstu árum.


2.6 Lúða

Á árunum 1950-1960 nam lúðaafllinn 3.000 til 7.000 tonnum, en minnkaði síðan í um 2.000 tonn á næstu árum (mynd 2.6.1 og tafla 3.6.1). Frá 1973 hefur aflinn verið um eða undir 2.000 tonnum (mynd 2.6.1). Lúða fæst einkum sem aukaafli við tog- og dragnótaveiðar.



Mynd 2.6.1. LÚÐA.
Heildaraflí (þús. tonna) árin
1965-1992.


Fig. 2.6.1. HALIBUT. Total
landings during the period
1965-1992 (thous. tonnes).



Mynd 2.6.2. LÚÐA. Sókn
(fjöldi kasta) og aflí
dragnótabáta á sóknareiningu
(kg í kasti) 1979-1992.

Fig. 2.6.2. HALIBUT. Effort
and CPUE (kg per set) from
the fisheries 1979-1992.

Samkvæmt gögnum um afla og sókn í dragnót frá árinu 1979 varð veruleg sóknaraukning dragnótabáta um 1988. Afli á sóknareiningu var hár allt til ársins 1985 en minnkaði þá mjög hratt niður í um 6 kg/klst. árið 1988 og hefur minnkað enn frekar síðan (mynd 2.6.2). Svipaða þróun virðist mega lesa af gögnum úr stofnmælingu botnfiska 1985-1992. Samkvæmt þeim var meðalafli í togi á Vestfjarðamiðum tiltölulega mikill árin 1985-1988 en minnkaði hratt til ársins 1990 og hefur verið í lægð síðan (mynd 2.6.3).



Mynd 2.6.3. LÚÐA.
Meðalfjöldi fiska á togmílu í
stofnmælingum botnfiska á
Vestfjarðamiðum 1985-1993.

Fig. 2.6.3. HALIBUT. Mean
number of fish per towing
mile in the groundfish survey
off NW-Iceland 1985-1993.


Engar upplýsingar eru tiltækar um viðkomu lúðustofnsins. Því verður ekki fullyrt á þessu stigi hvort fyrrgreindar breytingar eigi rætur að rekja til minnkandi nýliðunar í lúðustofninn á síðustu áratugum eða hvort vaxandi veiðar á grunnslóð með dragnót og togveiðarfærum af ýmsu tagi hafi valdið minnkandi lúðugengd.

2.7 Steinbítur

Á árunum 1985-88 jókst steinbítsaflinn úr tæplega 10 þús. tonnum í um 14.500 tonn og var síðan stöðugur á bilinu 14.100-14.600 tonn árin 1988-91. Árið 1992 veiddust um 16 þús. tonn, sem er mesti steinbítsaflí síðan árið 1967. Í marslok 1993 var steinbítsaflinn talsvert minni en á sama tíma 1992 og má því reikna með heldur minni ársafla 1993. Steinbítsaflinn á liðnum áratugum er sýndur á mynd 2.7.1 og í töflu 3.7.1.


Aldur steinbíts í afla fiskiskipa hefur lengi verið 8-20 ár, en 10-15 ára (60-85 sm) fiskur hefur verið algengastur. Hlutdeild yngri fisks (40-60 sm) virðist þó hafa aukist heldur í afla á síðari árum.

Heildarvísitala steinbíts úr hinni árlegu stofnmælingu botnfiska árin 1985-93 hefur sveiflast tiltölulega lítið, en hlutdeild eldri steinbíts minnkaði á tímabilinu 1991-93, einkum á hinum mikilvægu steinbítsmiðum úti af Vestfjörðum. Á sama tíma hefur fjöldavísitala yngri steinbíts (10-40 sm) verið með hæsta móti norðan og austan lands, sem gæti komið veiðistofninum til góða á komandi árum (mynd 2.7.2).



Mynd 2.7.1. STEINBÍTUR. Heildaraflí (pús. tonna) árin 1965-1992.

Fig. 2.7.1. WOLFFISH. Total landings during the period 1965-1992 (thous. tonnes).



Mynd 2.7.2 STEINBÍTUR. Vísitala stofnstærðar úr stofnmælingu botnfiska 1985-1993 eftir tveimur stærðarflokkum (minni og stærri en 40 sm).

Fig. 2.7.2 WOLFFISH. Stock index from groundfish surveys 1985-1993 for two size categories (lesser and larger than 40 cm).


Aflí á sóknareiningu í línuveiðunum (aflí á 100 öngla) úti af Vestfjörðum og Austfjörðum fór minnkandi frá 1988-90. Eftir verulega aukningu í afla á sóknareiningu fyrri hluta ársins 1991 varð meðalafli 1992 aftur áþekkur því sem var á árunum 1989-90. Steinbítsaflí á sóknareiningu í dragnót hefur minnkað jafnt og þétt úr um 350 kg í kasti 1989 í um 100 kg í kasti 1992.

Með tilliti til aukinnar hlutdeildar yngri fískis í stofninum og vísbendinga um minnkandi afla á sóknareiningu, leggur Hafrannsóknastofnunin til að steinbítsaflinn á fiskveiðiárinu 1993/94 fari ekki yfir 14 þús. tonn.

2.8 Skarkoli

2.8.1 Afli og sókn

Skarkolaafinn árið 1992 var tæp 11 þús. tonn en það er næstum sami afli og árin 1989-1991 (mynd 2.8.1). Afinn 1988 var hins vegar tæpum 3.000 tonnum meiri eða um 14 þús. tonn. Skarkolaafinn frá 1950 er sýndur í töflu 3.8.1.



Mynd 2.8.1. SKARKOLI. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1965-1992.

Fig. 2.8.1 PLAICE. Total landings during the period 1965-1992 (thous. tonnes).

Á fyrstu sjö mánuðum fiskveiðisársins 1992/93 veiddust um 3.900 þús. tonn af skarkola. Verði aflinn síðustu 5 mánuðina svipaður og á síðasta fiskveiðarári (um 6.000 tonn) má gera ráð fyrir 10 þús. tonna heildarafla fiskveiðarárið 1992/1993. Samkvæmt því má gera ráð fyrir svipuðum heildarafla árið 1993 og var árið 1992.



Mynd 2.8.2. SKARKOLI. Aflí á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótabátum í Faxaflóa og öðrum miðum árin 1979-1992.

Fig. 2.8.2. PLAICE. CPUE (kg per set) from seiners in Faxaflói and other areas in 1979-1992.

Samkvæmt veiðiskýrslum dragnótabáta fór skarkolaafli á sóknareiningu (nú reiknaður sem meðalafli í kasti yfir allt árið þar sem skarkoli í hverju kasti er 50% eða meira af afla) í Faxaflóa minnkandi úr um 700 kg í kasti árið 1979 niður í um 300 kg 1990 (mynd 2.8.2). Árið 1991 jókst afli í kasti í um 500 kg en minnkaði síðan aftur í 365 kg í kasti árið 1992. Því má reikna með að aukningin 1991 hafi stafað af auknum veiðanleika fremur en vaxandi stofnstærð. Á öðrum miðum en í Faxaflóa hefur afli í kasti verið nokkuð jafn á árunum 1984-1990 en breyst á svipaðan hátt og í Faxaflóa á undanförmum tveimur árum.

Frá 1984 til 1990 hélst afli á sóknareiningu á öðrum svæðum en Faxaflóa tiltölulega jafn, um 300 kg í kasti. Ársafli á þessu tímabili var einnig nokkuð stöðugur, um 12 þús. tonn að jafnaði. Þetta bendir til þess að sókn í skarkola sé í nokkru samræmi við afrakstursgetu stofnsins. Afli á sóknareiningu hefur aukist undanfarin tvö ár sem bendir til vaxandi stofns, en gæti þó einnig stafað af bættri veiðitækni og/eða auknum veiðanleika. Á undanförmum árum hefur orðið nokkuð ör þróun í dragnótaveiðum. Í stað þess að nota 400-480 faðma víra og um 60 faðma tóg eru margir bátar nú með allt að 1.440 faðma tóg. Ekki reyndist unnt að kanna mun í afla á sóknareiningu miðað við mismunandi tóglengd þar sem misbrestur er á að skipstjórar hafi skráð þessar upplýsingar í veiðiskýrslur sínar. Þó er augljóst að sé tekið tillit til aukinnar veiðihæfni dragnótarinnar hefur afli á sóknareiningu á undanförmum tveimur árum ekki vaxið eins mikið og hér kemur fram.

2.8.2 Horfur og tillögur um hámarksaflla

Vísitölur úr stofnmælingu botnfiska í marsmánuði árin 1985-1993 benda til þess að veiðistofn skarkola hafi farið minnkandi frá árinu 1985 þegar stofnmælingin hófst. Rétt er þó að hafa í huga að stofnmælingin er ekki skipulögð með tilliti til útbreiðslu skarkola og veiðarfærið ekki hentugt til skarkolaveiða. Auk þess er stofnvísitalan mjög breytileg frá ári til árs.

Með hliðsjón af framansögðu er lagt til að sókn í skarkolastofninn verði ekki aukin frá því sem verið hefur undanfarin ár og að leyfilegur hámarksafli af skarkola fiskveiðiárið 1993/94 verði 10 þús. tonn.


2.9 Langlúra

2.9.1 Afli og sókn

Tilraunaveiðar á langlúru hófust haustið 1986, en í nokkra áratugi hafði langlúra ekki verið nýtt að neinu marki. Langlúra fékkst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar og var að verulegu leyti kastað fyrir borð. Við tilraunaveiðarnar var notuð dragnót með 1.440 faðma tógi og 35 faðma höfuðlínu. Á árinu 1987 stunduðu um 10 dragnótabátar þessar veiðar og varð heildaraflí tæp 4.600 tonn (mynd 2.9.1 og tafla 3.9.1). Aflinn hafði áður orðið mestur um 1.800 tonn árið 1949 en þá voru útlendingar nær einir um þessar veiðar. Árið 1988 minnkaði aflinn í um 3.000 tonn og fór minnkandi til ársins 1990 en þá veiddust aðeins tæp 1.300 tonn. Aflinn jókst síðan aftur í 1.700 tonn 1991 og var rúm 2.400 tonn árið 1992.

Afli á sóknareiningu (afli í kasti, þar sem langlúra er a.m.k. helmingur aflans) var rúmlega 1.000 kg að meðaltali árið 1987 (mynd 2.9.2) en minnkaði í um 600 kg á árunum 1989-91 og var aðeins um 450 kg árið 1992. Frá árinu 1990 hafa ekki verið leyfðar langlúruveiðar með 120 mm möskva í poka á tímabilinu maí - ágúst samkvæmt tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar. Langlúra er þó veidd á þessu tímabili með 135 mm möskva.

Sókn í langlúru minnkaði um helming frá árinu 1987 til ársins 1990. Sóknin hefur farið vaxandi síðan og var um 20% meiri á árinu 1992 heldur en 1987 sem að líkindum má rekja til þrengri veiðitakmarkana varðandi aðrar tegundir. Sóknin nú virðist vera umfram afrakstursgetu stofnsins sem er fremur lífill og langlúran hægvoxta fiskur.




Mynd 2.9.1. LANGLÚRA. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1965-1992.

Fig. 2.9.1. WITCH. Total landings during the period 1965-1992 (thous. tonnes).

2.9.2 Horfur

Ekki hefur tekist að meta stofnstærð langlúrunnar af þeim gögnum sem fyrir liggja. Hafrannsóknastofnunin getur því ekki lagt til ákveðinn hámarksafla. En í ljósi þess að aflí á sóknareiningu fer minnkandi og sóknin vaxandi, er lagt til að dregið verði úr sókn í stofninn. Jafnframt er lagt til að langlúruveiðar verði bannaðar á tímabilinu 1. maí til 1. september eins og verið hefur síðan 1990. Á þessu tímabili er aflí á sóknareiningu hvað minnstur en langlúran að hrygna og því lélegt hráefni.




Mynd 2.9.2. LANGLÚRA. Aflí á sóknareiningu (kg í kasti) hjá dragnótábátum 1987-1992.

Fig. 2.9.2. WITCH. CPUE (kg per set) from wüch seiners during the period 1987-1992.

2.10 Blálanga


Tafla 3.10.1 sýnir blálönguaflla á Íslandsmiðum á árunum 1966-1992. Síðastliðin 5 ár hafa Íslendingar veitt 83-87% blálönguafllans. Síðustu árin hefur blálönguafli Íslendinga svo til eingöngu verið aukaafli við aðrar veiðar, aðallega (yfir 90%) í botnvörpu. Sérstakar veiðar á hrygnandi blálöngu voru þó stundaðar á árunum 1980-1984 og varð blálönguafli Íslendinga um 8.000 tonn árin 1980 og 1981 (mynd 2.10.1). Árið 1985 var aflinn kominn niður í um 1.400 tonn en jókst síðan lítillega og var á bilinu 1.600-2.300 tonn árin 1987-1991. Árið 1991 veiddu Íslendingar tæp 1.600 tonn af blálöngu en árið 1992 jókst aflinn aftur í rúm 2.500 tonn, sem er um 60% aflaaugning frá árinu áður. Þessi aukning á blálönguaflla var fyrst og fremst í botnvörpu og má rekja til veiða í tengslum við búrfiskveiðar.



Mynd 2.10.1. BLÁLANGA. Heildarafl (þús. tonna) árin 1966-1992.

Fig. 2.10.1. BLUE LING. Total landings during the period 1966-1992 (thous. tonnes).

2.11 Langa



Mynd 2.11.1. LANGA. Heildarafl (þús. tonna) árin 1966-1992.


Fig. 2.11.1. LING. Total landings during the period 1966-1992 (thous. tonnes).

Lönguafinn á Íslandsmiðum árin 1966-1992 er sýndur á mynd 2.11.1 og í töflu 3.11.1. Þótt hlutur útlendinga í aflanum hafi verið verulegur fyrir á árum og sum árin meira en helmingur hans var afli Íslendinga á bilinu 87-91% á s.l. 5 árum. Langa fæst aðallega sem aukaafli við aðrar veiðar. Lönguafli Íslendinga hefur verið tiltölulega jafn um árabil, þ.e. á bilinu 3.000-4.000 tonn á ári, en jókst í um 5.000 tonn 1988-1991. Árið 1991 veiddu Íslendingar um 5.100 tonn en aflinn minnkaði aftur í tæp 4.500 tonn árið 1992. Þetta stafar fyrst og fremst af því að lönguafli í botnvörpu varð um 11% minni en árið áður. Hins vegar varð aflaaukning á línu og í net. Línuveiðar hafa almennt farið vaxandi, en 36% lönguafllans fékkst á línu árið 1992.

Þótt lönguafli hafi minnkað nokkuð árið 1992 er ekki unnt að sjá á tiltækum gögnum (svo sem stofnmælingu botnfiska) að verulegar breytingar hafi orðið á stofninum. Hér mun því frekar um að ræða breyttar áherslur í sókn. Með svipaðri sókn er því ekki ástæða til að ætla annað en að lönguafllinn verði um 4.000-5.000 tonn árin 1993 og 1994.

2.12 Keila


Keiluaflí á Íslandsmiðum hefur um alllangt skeið verið á bilinu 5.000-8.000 tonn (mynd 2.12.1 og tafla 3.12.1). Hann komst í um 9.500 tonn árið 1991, sem er sögulegt hámark. Aflinn minnkaði aftur í um 7.900 tonn árið 1992, en það er nálægt meðalafli áráanna 1988-1992. Til skamms tíma hafa ekki verið miklar sveiflur í keiluveiðum á Íslandsmiðum fremur en á öðrum veiðisvæðum eins og t.d. við Færeyjar. Þess vegna var ekki fyrirsjáanlegt hver viðbrögð stofnsins yrðu við skyndilegri aflaaukningu. Hafrannsóknastofnunin lagði því til í síðustu ástandsskýrslu (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29) að árlegur keiluaflí færi ekki yfir 10.000 tonn á meðan viðbrögð stofnsins við þeirri veiði væru að koma fram.



Mynd 2.12.1. KEILA.
Heildaraflí (þús. tonna) á
Íslandsmiðum árin 1966-
1992.


Fig. 2.12.1. TUSK. Total
landings from Icelandic
waters during the period
1966-1992 (thous. tonnes).

Það er fyrst árið 1989 sem Íslendingar fara að sækjast eftir keilu sérstaklega. Við það stórstjókst sókn í keilu sem verið hafði aukaafli fram til þess tíma (mynd 2.12.2a). Sóknin náði hámarki árið 1991 (mynd 2.12.2b) en minnkaði um 13% árið 1992. Keiluaflí Íslendinga var um 6.300 tonn árið 1992 sem er svipað og árið áður (6.200 tonn) en tvöfalt meira heldur en 1989. Þessa aukningu má fyrst og fremst rekja til þess að farið var að sækjast sérstaklega eftir keilu.



Mynd 2.12.2a. KEILA.
Veiðisvæði keilu á línu í
september-december 1988.


*Fig. 2.12.2a. TUSK.
Longline fishing areas in
September-December 1988.*



Mynd 2.12.2b. KEILA.
Veiðisvæði keilu á línu í
september-december 1991.

*Fig. 2.12.2b. TUSK.
Longline fishing areas in
September-December 1991.*

Keilan veiðist að langmestu leyti á línu (90-95%) en einnig lítið eitt í botnvörpu. Heildarveiði af keilu minnkaði um 1.600 tonn 1992 eða um 16% miðað við árið 1991. Þetta gæti gefið til kynna að viðbrögð stofnsins við aflaukningu síðustu ára væru að koma í ljós. Til að kanna það var stuðst við gögn úr stofnmælingu botnfiska. Í stofnmælingum undanfarinna ára (aftur til ársins 1985) hefur keila einkum fengist úti af Vesturlandi og Austfjörðum. Á heildina lítið hefur afli á sóknareiningu heldur farið minnkandi yfir tímabilið, mest í stofnmælingu 1993 (mynd 2.12.3). Ennfremur hefur hlutdeild stærsta fisksins í stofnmælingaleiðöngnum heldur minnkað. Á svæðinu úti af Vesturlandi minnkaði afli á sóknareiningu allmikið árið 1993. Í stofnmælingu botnfiska árið 1986 fór að bera á sterkum árgangi sem hefur haldið uppi veiðinni síðustu ár. Ekki er unnt að sjá aðra slíka nýliðun í síðari gögnum.




Mynd 2.12.3. KEILA. Vísitala (fjöldi fiska á togmílu) tveggja stærðarflokka (fiskur minni og stærri en 40 sm) í stofnmælingu botnfiska vestanlands 1985-1993.

Fig. 2.12.3. TUSK. Abundance indices (no. of fish/towing mile) for two categories (less and larger than 40 cm) in groundfish surveys west of Iceland in 1985-1993.

Með tilliti til þess sem að framan segir virðist stofninn hafa nú þegar sýnt neikvæð viðbrögð við aukinni sókn síðustu ára. Þar sem ekki er fyrirsjáanleg aukin nýliðun í stofninn, telur Hafrannsóknastofnunin að fara beri með varúð við sókn í keilu og leggur því til að keiluaflí á Íslandsmiðum fari ekki yfir 8.000 tonn fiskveiðiárið 1993/94.

2.13 Hrognkelsi



Mynd 2.13.1. HROGNKELSI. Heildaraflí grásleppu (í tonnum) hér við land 1970-1992.

Fig. 2.13.1. LUMPSUCKER. Total landings of female lump sucker (tonnes) from Iceland grounds 1970-1992.

Saga grásleppuveiða hefur einkennst af miklum sveiflum í heildarveiði (mynd 2.13.1). Mismunandi aflbrögð eftir árum og landshlutum stjórnað einkum af hrognkelsagengd, veðurfari og sókn (söluhorfum). Vegna þess að sömu breytingar koma fram í aflbrögðum án tillits til

veiðialags er álitíð að veiðarnar valdi ekki sveiflum í stofnstærð heldur orsakist þær fyrst og fremst af breytilegri nýliðun á hverju veiðisvæði.

Árið 1990 var lélegasta grásleppuveiði sem um getur síðan fyrir 1970. Fór þar saman minni gengd á flestum svæðum en reiknað hafði verið með auk lífillar sóknar vegna þess hve illa leit út með sölu á hrognum. Um 50% aukning varð síðan í afla 1991 miðað við árið áður.


Árið 1992 var búist við að aflabrogð í grásleppuveiðum myndu batna miðað við árin 1990-1991 og var það byggt á athugunum á stærðasamsetningu grásleppuafans vorið 1991. Árið 1992 jókst grásleppuveiði um 17% miðað við árið 1991.

Tafla 3.13.1 sýnir heildargrásleppuaflla og löndun hroгна árin 1970-1992.

2.14 Síld

2.14.1 Síldveiðarnar 1992/93

Hafrannsóknastofnunin lagði til að ekki yrði veitt meira en 90 þúsund tonn af íslenskri sumargotssíld á vertíðinni 1992/93. Leyfilegur heildaraflí fyrir vertíðina var ákveðinn 110 þús. tonn en vegna flutnings aflaheimilda frá síðasta ári voru samanlagðar aflaheimildir af síld um 120 þús. tonn á síðastliðinni síldarvertíð. Alls tóku 46 skip þátt í síldveiðunum að þessu sinni þar af var 31 loðnuskip en 15 svokallaðir síldarbatár. Landaður afli var tæp 107 þús. tonn en auk þess var sleppt um 1.850 tonnum af síld samkvæmt skýrslum síldveiðiskipa og er það mun minna en á vertíðinni 1991/92 því að þá var sleppt yfir 9 þús. tonnum.



Mynd 2.14.1. SÍLD. Heildaraflí (þús. tonna) árin 1975-1992 og vegin meðalveiðidánartala (F) 5 ára og eldri síldar sama tímabil (1990/91-1992/93 vísa til vertíðar eða fiskveiðiárs).

Fig. 2.14.1. HERRING. Total landings (thous. tonnes) 1975-1992 (upper line) and weighted mean F_{5+} during the same period (1990/91-1992/93 refer to season and quota year).

Aflinn á vertíðinni skiptist þannig að um 91 þús. tonn veiddist á haustmánuðum, þar af langmest eða yfir 55 þús. tonn í október, en um 15.600 tonn veiddust í janúar og febrúar og lífilsháttar fékkst af síld í marsmánuði. Eins og kunnugt er hefur sá hluti síldarafans sem farið hefur til bræðslu aukist jafnt og þétt og var kominn í 56% á vertíðinni 1991/92. Hlutfall bræðslusíldar jókst enn á vertíðinni 1992/93 og fór þá í 74%.

Aðalveiðisvæðið á sildarvertföðinni 1992/93 var úti af Suðausturlandi, frá Hrollaugseyjum og austur fyrir Hvalnes, en einna drýgst veiddist í Berufjarðarál. Segja má að veiðarnar hafi gengið mjög stíðlega, m.a. vegna þess að síldin var víða mikið blönduð smásíld en auk þess stóð hún djúpt og fékkst oft á tíðum ekki nema í dýpstu hringnætur. Sú nýbreytni var tekin upp á þessari vertföð að tvö skip stunduðu síldveiðar með flotvörpu og var afli þeirra um 800 tonn.

TAFLA 2.14.1

Síld. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús.tonn) 1986-1993.
Herring. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990/91 ¹⁾	1991/92 ²⁾	1992/93 ²⁾
Tillaga - Recommended TAC	65	70	90	90	80	80	90
Heildaraflamark - National TAC	65	73	90	90	80	110	120
Afli - Landings (Iceland)	65	75	93	97	105	109	107

1) Veiðitímabil - Fishing season.

2) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

Síldaraflinn á tímabilinu 1975-1992 er sýndur á mynd 2.14.1 og frá 1951 í töflu 3.14.1. Tafla 2.14.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afla í þúsundum tonna síðan 1986.

2.14.2 Aldursskipting og stofnstærð

TAFLA 2.14.2

Síld. Spá um aldursdreifingu 1993 og 1994 ásamt meðalþyngd og meðallengd.
Herring. Predicted age distribution of herring (in %) 1993 and 1994 as well as mean weight and mean length.

	1993		1994		1993-1994	
	% eftir fjölda by number	% eftir þyngd by weight	% eftir fjölda by number	% eftir þyngd by weight	Meðal- þyngd mean weight g	Meðal- lengd mean length cm
2	11	3	4	1	72	20.2
3	4	2	17	10	140	26.5
4	22	20	5	4	202	30.0
5	29	30	26	26	236	31.2
6	9	10	28	30	268	32.3
7	7	9	5	7	301	33.5
8	5	8	4	6	332	34.3
9	5	7	3	5	345	35.0
10+	8	11	8	11	380	36.5

Fjöldi landaðra sílda eftir aldri er sýndur í töflu 3.14.4. Þar kemur fram að á árunum 1974-1977 var árgangurinn frá 1971 algengastur í aflanum. Frá 1979-1982 eru það sterku árgangarnir frá 1974-1975 sem bera uppi veiðina. Mikil breyting varð á aldursdreifingu síldaraflans árið 1983 en þá kom mjög sterkur árgangur frá 1979 inn í veiðina og varð yfir 50% af heildaraflanum. Á vertföðunum 1984-1986 var þessi árgangur einnig lang algengastur í aflanum. Aldursdreifing síldaraflans haustin 1987 og 1988 einkenndist hins vegar af því að aflinn dreifðist


á marga árganga allt frá 4-11 ára síld. Haustið 1988 veiddist þó mest af 5 og 6 ára síld. Á síldarvertíðunum 1989-1991 veiddist mest af 1983 árganginum enda er þetta sterkasti árgangur sem komið hefur í þennan stofn síðastliðin 40 ár. Á vertíðinni 1992/93 veiddist hins vegar langmest af fjögurra ára síld eða 1988 árganginum. Þar næst kom 1989 árgangurinn eða þriggja ára síld.

TAFLA 2.14.3
 Síld. Áhrif mismunandi sóknar (F) árið 1993/94 á áætlaða stærð (þús. tonna) hrygningarstofnsins 1994.
 Herring. Projection of spawning stock size of the Icelandic summer spawning herring (thous. tonnes) in 1994 for different management strategies in 1993.

1993	1993/94		1994
Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July	F ¹⁾	Afli Catch	Hrygningarstofn 1. júlí Spawning stock biomass 1. July
480	0,15	60	490
	0,23 = F _k	90	460
	0,31	120	430

1) Vegin veiðidánartala (F) fyrir 5-15 ára. F_k er kjörsókn.
 Weighted fishing mortality (F) of age groups 5-15. F_k = F_{0.1}.


Frá 1973 hefur stofnstærð íslensku sumargotssíldarinnar verið mæld árlega með bergmálsaðferðinni. Þessar mælingar hafa farið fram í nóvember-desember eða í janúar við lok síldarvertíðarinnar. Að þessu sinni stóð síldarmælingaleiðangurinn frá 21. nóvember til 14. desember. Í fyrri hluta leiðangursins var mergð smásíldar könnuð í fjörðum og flóum vestan-, norðan- og austanlands. Langmest fannst af síld á öðru ári í Eyjafirði og virðist þar vera efni í mjög stóran árgang. Í síðari hluta leiðangursins var síldarmagnið mælt í Berufjarðarál, Lónsdjúpi, í Hornafjarðardjúpi og Breiðamerkurdjúpi. Auk eldri gagna eru það þessar mælingar frá síðari hluta nóvember- og fyrri hluta desembermánaðar 1992 sem núverandi úttekt síldarstofnsins byggist á.



Mynd 2.14.2. SÍLD. Stærð hrygningarstofns (þús. tonna) árin 1970-1993.

Fig. 2.14.2. HERRING. Spawning stock biomass during the period 1970-1993 (thous. tonnes).

Í síðustu skýrslu um ástand fiskstofna (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29) var gerð grein fyrir því að við útreikninga á stærð sildarstofnsins hefði verið notaður endurvarpsstuðull sem fékkst við rannsóknir í Eyjafirði og Berufirði árið 1980. Þegar niðurstöður bergmálmælinga eru bornar saman við bakreiknaða stofnstærð með aldurs-afla aðferð (VP-greiningu) hefur komið í ljós að stærð sildarstofnsins hefur alloft verið ofmetin með bergmálsaðferðinni. Eins og skýrt var frá í framangreindri skýrslu gaf þetta til kynna að endurskoða þyrfti endurvarpsstuðulinn frá 1980 miðað við þá reynslu sem smám saman hefur fengist. Þetta hefur nú verið gert og niðurstaðan er sú að mun betri fylgni fæst milli bergmálmælinga og stofnstærðar sem bakreiknuð er með aldurs-afla aðferð ef notaður er endurvarpsstuðull sem gefur u.þ.b. 20% minni stofn en sá endurvarpsstuðull sem notaður hefur verið hingað til. Við þessa úttekt á sildarstofninum var því breytt um endurvarpsstuðul og eru niðurstöðurnar því ekki sambærilegar við þær sem lagðar voru fram við síðustu úttekt að því er varðar stofnstærð hin allra síðustu ár.



Mynd 2.14.3. SÍLD.
Afrakstur og hrygningarstofn á 2 ára nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.


Fig. 2.14.3. HERRING.
Yield and spawning stock biomass per 2 year old recruit at various fishing mortalities (F). $F_k = F_{0.1}$.

Samkvæmt þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir jókst hrygningarstofninn úr um 220 þús. tonnum 1983 í um 430 þús. tonn 1988. Eftir það minnkaði hann niður í 310 þús. tonn 1991 en jókst aftur í tæp 400 þús. tonn 1992 og munaði þar mest um stóra árganginn frá 1988 sem varð kynþroska á síðastliðnu ári. Þetta er um 90 þús. tonnum minni sildarstofn en gert hafði verið ráð fyrir í síðustu úttekt. Gert er ráð fyrir því að hrygningarstofninn 1993 verði um 480 þús. tonn og munar þar mestu að þá verður verulegur hluti af stóra árganginum frá 1989 kynþroska. Þetta er sýnt nánar á mynd 2.14.2 og í töflu 3.14.5 eru sýndar niðurstöður stofnstærðarútreikninga með aldurs-afla aðferð á árunum 1973-1993. Töflur 3.14.2 og 3.14.3 sýna meðalþyngd og hlutfall kynþroska síldar, tafla 3.14.6 sýnir veiðidánarstuðla á tímabilinu 1973-1992 og mynd 2.14.1 sýnir heildarafla á árunum 1975-1992 og meðalveiðidánartölu 5 ára síldar og eldri fyrir sama tímabil.

Sá veiðidánarstuðull sem gefur kjörsókn (F_k) fyrir íslensku sumargotssíldina er 0,23. Eins og sést á mynd 2.14.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Vegið meðaltal veiðidánarstuðla 5-15 ára síldar síðastliðin 5 ár hefur verið á bilinu 0,29-0,37. Af þessu má ljóst vera að sóknin hefur verið talsvert umfram kjörsókn undanfarnin 5 ár. Þetta á sérstaklega við um 6-15 ára síld en sóknin í elstu árgangana hefur reynst langt umfram kjörsókn.


2.14.3 Horfur og tillögur um hámarksaflla

Spá um aldursdreifingu síldaraflans á vertíðinni 1993/1994 er sýnd á mynd 2.14.4 og nánari grein er gerð fyrir aldursskiptingunni ásamt meðalþyngd og meðallengd fram til 1994 í töflu 2.14.2. Þar kemur fram að sennilega mun veiðast mest af 4 og 5 ára síld, þ.e.a.s. árgöngunum frá 1988 og 1989. Á vertíðinni 1994/95 er einnig gert ráð fyrir að mest veiðist af þessum árgöngum en þá verður sterki árgangurinn frá 1991 einnig kominn í veiðina.



Mynd 2.14.4. SÍLD. Spá um aldursdreifingu síldaraflans (% af fjölda) á vertíðinni 1993/94.

Fig. 2.14.4. HERRING. Prognosis of percent age distribution (in numbers) in the catch of the 1993/94 season.



Mynd 2.14.5. SÍLD. Stærð síldarárganganna 1970-1991. Fjöldi við 2 ára aldur.

Fig. 2.14.5. HERRING. Size of year classes 1970-1991 at age 2 (in millions).

Allt frá 1975 að veiðar hófust aftur úr íslenska sumargotsstofninum eftir friðunina frá 1972 var sókninni lengst af stillt mjög í hóf. Hin síðustu ár hefur breyting orðið á þessu að því leyti að

stjórnvöld hafa úthlutað talsvert meiri afla en Hafrannsóknastofnunin hefur lagt til. Enda þótt sá affli hafi ekki alltaf náðst að fullu hefur þetta leitt til þess að sóknin í síldarstofninn hefur verið talsvert meiri hin allra síðustu ár en æskilegt getur talist. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar hefur yfirleitt miðast við að nýta stofninn við svokallaða kjörsókn. Eins og sést á mynd 2.14.3 eykst afrakstur á nýliða mjög lítið þótt sóknin aukist eftir að kjörsókn er náð. Spá um þróun síldarstofnsins miðað við mismunandi aflamark er sýnd í töflu 2.14.3. Gert er ráð fyrir að hrygningarstofninn verði 480 þús. tonn 1. júlí 1993.


Samkvæmt þessari úttekt yrði aflinn á vertíðinni 1993/94 um 90 þús. tonn ef miðað væri við kjörsókn. Hrygningarstofninn myndi minnka lítillega eða í 460 þús. tonn árið 1994 og er það vegna þess að þá bætist í hrygningarstofninn frekar lélegur árgangur frá 1990. Hins vegar er búist við því að stofninn stækki aftur 1995 þegar stóri árgangurinn frá 1991 verður kynþroska. Ef veidd yrðu 60 þús. tonn á vertíðinni 1993/94 væri sóknin talsvert undir kjörsókn en hrygningarstofninn myndi haldast nánast óbreyttur fram til 1994 en stækka svo eftir það. Ef veidd yrðu 120 þús. tonn væri sóknin um 35% umfram kjörsókn og hrygningarstofninn myndi minnka um 50 þús. tonn frá 1993 til 1994.

Eins og gerð var grein fyrir í úttektinni á s.l. ári, hafa síldveiðarnar á undanförunum árum byggst á fáum en sterkum árgöngum og eldri síldin hefur enst skemur í veiðinni en búist var við. Nýliðun hefur hins vegar haldist góð og samkvæmt þessari úttekt eru árgangarnir frá 1988, 1989 og 1991 sterkir. Reynsla undanfarinna ára hefur ótvírætt sýnt að nýting síldarstofnsins í námunda við svokallaða kjörsókn hefur verið mjög farsæl. Hafrannsóknastofnunin leggur því til að síldaraflinn verði 90 þús. tonn á vertíðinni 1993/94 og einnig á vertíðinni 1994/95. Tillögur um leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina 1994/95 verða þó endurskoðaðar eftir því sem niðurstöður rannsókna gefa tilefni til.

2.15 Loðna

2.15.1 Mælingar á stærð stofnsins og veiðar 1992/93

Hafrannsóknastofnunin lagði til að upphafskvótinn fyrir loðnuvertíðina 1992/93 yrði 500 þús. tonn og að sú tillaga yrði síðan endurskoðuð að loknum haust- og vetrarmælingum á stofninum. Fóru stjórnvöld að þessum tilmælum. Fyrirfram var gert ráð fyrir að hámarksaffli á vertíðinni allri gæti numið um 800 þús. tonnum.




Mynd 2.15.1. LOÐNA. Stærð veiðistofns (þús. tonna) við upphaf og stærð hrygningarstofns við lok hverrar vertíðar 1978/79-1992/93.

Fig. 2.15.1. CAPELIN. Abundance of the fishable stock (thous. tonnes) in the beginning of the 1978/79-1992/93 seasons and the remaining spawning stock biomass at the end of each season.

Veiðarnar á sumar- og haustvertíð 1992 gengu fremur illa. Heildaraflinn á vertíðinni varð um 306 þús. tonn og nam afli Íslendinga um 218 þús. tonnum en afli útlendinga um 95 þús. tonnum.

Í október 1992 var stærð veiðistofnsins mæld á tveimur rannsóknaskipum. Fullorðna loðnan hélt sig með landgrunnsbrún á svæðinu frá Horni austur á móts við Glettinganes, að miklu leyti saman við óvenju stóran árgang af árgamalli unglóðnu. Veður, dreifing loðnunnar og hegðun var hagstæð til mælinga en erfitt reyndist að meta hlutfall af stór- og smáloðnu vegna blöndunarinnar. Ennfremur var nokkur ís í Grænlandssundi þar sem loðna hefur stundum fundist á þessum árstíma. Alls mældust um 1.005 þús. tonn af kynþroska loðnu sem svaraði til 595 þús. tonna kvóta til viðbótar við það sem þegar var búið að veiða, eða 820 þús. tonna hámarksafli á vertíðinni allri miðað við venjulegar forsendur um nátturuleg afföll, þyngdaraukningu og 400 þús. tonna hrygningu í vertíðarlok. Vífáttumiklum smáloðnusvæðum úti af Norðurlandi var lokað fyrir veiðum að lokinni mælingu.

Á tímabilinu 4.-25. janúar 1993 voru tvö rannsóknaskip á miðunum austanlands við loðnurannsóknir og mælingar á stærð loðnustofnsins. Fljótlega eftir að skipin komu á miðin úti af sunnanverðum Austfjörðum og Suðausturlandi varð ljóst að fremsti hluti loðnugöngunnar var þegar genginn suður yfir hitaskilin úti af Hvalbak. Fyrir því er löng reynsla að ekki er hægt að ná áreiðanlegri mælingu í hlýja sjónum suðaustanlands fyrr en hrygningargangan kemur upp að landinu. Við það bættist að tíðarfar var með eindæmum stirt og urðu rannsóknaskipin hvað eftir annað að hætta mælingum og bíða betra veðurs.



Mynd 2.15.2. LOÐNA. Heildarafli (þús. tonna) á vertíðunum 1978/79-1992/93.

Fig. 2.15.2. CAPELIN. Total landings (thous. tonnes) in the 1978/79-1992/93 seasons.

Þá var loðnan óvenju dreifð úti af Austfjörðum í janúar og náði gangan frá Þistilfjarðargrunni suður undir Berufjarðarál. Veiddist nánast ekkert á Austfjarðamiðum af þeim sökum. Aðeins mældust um 570 þús. tonn af hrygningarloðnu enda var augljóst að mælingin tók ekki nema til hluta stofnsins. Mælingin sjálf gaf því ekki tilefni til endurskoðunar á fyrri aflatillögum. Hins vegar kom í ljós að þyngdaraukningin í veiðistofninum á tímabilinu nóvember-janúar hafði orðið mun meiri en búist var við. Í samræmi við það lagði Hafrannsóknastofnunin til að heildarkvótinn fyrir vertíðina 1992/93 yrði aukinn um 80 þús. tonn eða í 900 þús. tonn alls.

Fyrri hluta marsmánaðar var loðnu leitað úti af Vestfjörðum og Breiðafirði til að kanna hvort vænta mætti gangna að vestan til hrygningar. Sú leit bar ekki árangur.

TAFLA 2.15.1
Loðna. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993.
 Capelin. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC
 and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Vertíðir <i>Seasons</i> ¹⁾	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/92	1992/93
Tillaga - <i>Recommended TAC</i>	1290	1115	1065	900	250	740	900
Heildaraflamark - <i>National TAC</i>	1290	1115	1065	900	312	740	900
Afli Íslendinga - <i>Landings (Icel.)</i>	1053	912	921	666	284	635	655
Afli annarra - <i>Landings (others)</i>	380	204	116	142	27	47	95
Afli alls - <i>Total landings</i>	1333	1116	1037	808	311	682	793


1) Júlí - mars. *July - March.*

Eins og að framan greinir gengu loðnuveiðar illa í janúar. Nokkuð rættist þó úr í lok mánaðarins í þann mund er loðnan var að ganga inn á Lónsbug. Eftir það var mokveiði er gaf allt til fyrstu viku marsmánaðar um það bil sem hrygningu aðalgöngunnar var að ljúka. Heildaraflinn á vertíðinni 1992/93 varð 750 þús. tonn og þar af var afli Íslendinga um 655 þús. tonn. Það vantaði því um 150 þús. tonn á að leyfilegur hámarksafli næðist.

Tafla 3.15.1 sýnir loðnuafllann á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu frá upphafi (1964) og skiptingu hans milli veiðitímabila og þjóða. Stærð veiðistofns við upphaf og hrygningarstofns við lok vertíðanna 1978/79-1992/93 er sýnd á mynd 2.15.1 og loðnuafllinn á sömu vertíðum á mynd 2.15.2.

Tafla 2.15.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, ákvarðanir stjórnvalda um aflahámark og loðnuaflla á Íslands-Grænlands-Jan Mayen svæðinu frá 1986. Stærð loðnuárganganna 1976-1990, miðað við tveggja ára nýliða í ágústmánuði, er sýnd á mynd 2.15.3.

2.15.2 Ástand veiðistofnsins 1993/94



Mynd 2.15.3. LOÐNA. Stærð loðnuárganganna 1976-1990. Fjöldi nýliða við 2 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.15.3. CAPELIN. Size of the 1976-1990 year classes at age 2 (in millions).

Við seinustu úttekt á ástandi loðnustofnsins (Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 29) og spá um útlit og horfur á vertíðinni 1992/93 var stuðst við nýtt spálíkan þar sem gengið var út frá haustmælingum á eins og tveggja ára loðnu bæði til að reikna stærð yngri og eldri árgangs í veiðistofni. Er þá höfð hliðsjón af reynslu fyrri ára um kynþroskahlutfall sem er að verulegu leyti háð stærð hvers árgangs, meðalþyngd að haustlagi 1981-92 og náttúruleg afföll eins og verið hefur. Miðað við eldri aðferðir lýsir þetta spálíkan mun betur þeim breytingum sem orðið hafa á loðnustofninum á undanförmum árum og er það því notað óbreytt við þessa úttekt.

Næsta loðnuvertíð mun aðallega byggjast á hinum kynþroska hluta árgangsins frá 1991, en auk þess á þeim hluta árgangsins frá 1990 sem ekki hrygndi vorið 1993. Samkvæmt spálíkaninu verður stærð veiðistofnsins um 2.1 milljónir tonna miðað við 1. ágúst 1993 og skipting loðnunnar í fjölda og þyngd eftir aldri eins og fram kemur í töflu 2.15.2.

TAFLA 2.15.2
Loðna. Spá um stærð veiðistofnsins 1. ágúst 1993
í fjölda og þyngd eftir aldri.
Capelin. Predicted fishable stock abundance August 1st 1993
by number and weight at age.

Árgangur <i>Year class</i>	Fjöldi í milljörðum <i>Number in billions</i>	Þyngd í þús. tonna <i>Weight in thous. tonnes</i>
1991	99.9	1698
1990	17.8	432
Samtals <i>Total</i>	117.6	2130

2.15.3 Tillögur um hámarksafli á vertíðinni 1993/94

Miðað við 1.8 milljón tonna veiðistofn í vertíðarbyrjun, sömu forsendur og áður um náttúruleg afföll ($M=0,035$ /mánuði) og 400 þús. tonna hrygningu í lok vertíðar ætti loðnuafllinn á vertíðinni að geta orðið 1.300-1.400 þús. tonn alls.

Enda þótt hið nýja líkan sem hér er notað spái jafnan heldur minni loðnugengd en raunin hefur orðið er á því sú undantekning að á vertíðinni 1989/90 varð loðnugengd miklu minni en gert hafði verið ráð fyrir. Þess vegna er lagt til að hámarksafli á vertíðinni 1993/94 verði takmarkaður við 2/3 af útreiknuðum hámarksafli eða 900 þús. tonn, þar til stærð veiðistofnsins hefur verið mæld haustið 1993 og/eða veturinn 1994.

Til að stuðla að verndun ókynþroska smáloðnu er ennfremur lagt til að í upphafi sumarvertíðar verði svæðið vestan 19°V lokað fyrir loðnuveiðum sunnan 67°45'N. Eins og venja hefur verið mun Hafrannsóknastofnun kanna loðnugengd á þessum slóðum í ágúst og október og verður þessi svæðislökun endurskoðuð að loknum þeim rannsóknunum.


2.15.4 Horfur á sumar- og haustvertíð 1994

Lítið er hægt að segja um ástand veiðistofnsins 1994/95, en veiðarnar munu byggjast að miklu leyti á 1992 árganginum og þeim hluta 1991 árgangsins sem ekki hrygndi 1993. Allmikið var af loðnuseiðum í ágúst 1992, hluti þeirra mjög vel á sig kominn og ætti því að mega vænta þökkalegrar nýliðunar tveggja ára loðnu sumarið 1994. Ef árgangur 1991 reynist jafn stór og fyrstu upplýsingar benda til má ennfremur búast við að meira verði af þriggja ára loðnu á vertíðinni 1994/95 en verið hefur að undanförmu. Reynslan hefur hins vegar sýnt að talning á loðnuseiðum hefur lítið spágildi og sama má raunar segja um mælingar á ámsgamalli loðnu þegar horft er tvö ár fram í tímann.

2.16 Kolmunni

2.16.1 Veiðarnar

Á árunum 1970-1975 voru kolmunnaveiðar í Norðaustur-Atlantshafi á tilraunastigi og aflinn á þessum árum náði aldrei 100 þús. tonnum. Eftir það jókst aflinn mjög ört og náði hámarki 1979 og 1980 eða um 1.1 milljón tonna. Næstu árin minnkaði aflinn aftur og á tímabilinu frá 1982-1990 var hann um 520-790 þús. tonn. Árið 1991 varð aflinn aðeins um 356 þús. tonn. Alls tilkynntu 8 þjóðir kolmunnaafla 1991. Þar af veiddu Rússar og Norðmenn um 291 þús. tonn eða yfir 80% af heildaraflanum. Síðast liðin 10 ár hafa Íslendingar veitt afar lítið af kolmunna, þ.e. um 7.000 tonn árið 1983, 105 tonn 1984 og um 5.000 tonn árið 1990. Áætlaður heildarafl 1992 er um 440 þús. tonn. Kolmunnaaflinn frá 1977 er sýndur á mynd 2.16.1 og frá 1970 í töflu 3.16.1.



Mynd 2.16.1. KOLMUNNI. Heildarafl (þús. tonna) í NA-Atlantshafi árin 1977-1992 og meðalveiðidánartala (F) 4-8 ára kolmunna sama tímabil.

Fig. 2.16.1. BLUE WHITING. Total landings (thous. tonnes) 1977-1992 from the NE-Atlantic Ocean (upper line) and F_{4-8} during the same period.


Á undanförunum árum hafa þær kolmunnagöngur, sem leitað hafa norður á svæðið milli Ísland og Noregs (Austurdjúp) í ætisleit eftir hrygningu, stöðugt farið minnkandi bæði að magni og sem hlutfall af stofnstærð. Veiðarnar í Austurdjúpi hrundu frá því að vera um 66% af heildarveiðinni að jafnaði 1979-1981 í innan við 1% 1990. Á árinu 1991 jukust veiðarnar á þessu svæði verulega og voru um 22% af heildaraflanum. Aflinn á hrygningarstöðvunum vestan Bretlandseyja minnkaði um 52% frá árinu 1990 til 1991. Munaði þar langmest um minni afla Norðmanna sem snéru sér aftur að loðnuveiðum eftir nokkurt hlé.

2.16.2 Aldursskipting í afla 1991

Sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 voru að heita má horfnir úr aflanum, en sterki árgangurinn frá 1989 var langmest áberandi. Í bræðslufiskveiðunum var hann um 77% af fjölda landaðra fiska og um 38% í heildaraflanum. Næst algengustu árgangarnir í aflanum voru árgangarnir frá 1988 (um 17%) og 1986 (um 13%). Samanlagt var sjö ára fiskur (árg. 1984) og eldri aðeins um 9% af fjölda landaðra fiska 1991.


2.16.3 Stofnstærð

Haustið 1992 var gerð úttekt á kolmunnastofninum á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins. Eins og sést á mynd 2.16.2 minnkaði hrygningarstofninn frá 1977 til 1984 og heildarstofninn frá 1977 til 1983. Þegar sterku árgangarnir frá 1982 og 1983 bættust í stofninn stækkaði hann nokkuð aftur fram til 1986. Stofninn minnkaði heldur næstu 2-3 árin en stækkaði síðan árin 1991-1992 þegar hinn geysisterki 1989 árgangur bættist í hann. Stærð heildar- og hrygningarstofns á árunum 1977-1992 er sýnd á mynd 2.16.2 og stærð seiðaárganganna 1970-1991 er sýnd á mynd 2.16.3.



Mynd 2.16.2. KOLMUNNI. Stærð heildar- og hrygningarstofns árin 1977-1992 í milljónum tonna.

Fig. 2.16.2. BLUE WHITING. Total stock and spawning stock biomass during the period 1977-1992 (million tonnes).



Mynd 2.16.3. KOLMUNNI. Stærð seiðaárganga 1970-1991 í milljónum.

Fig. 2.16.3. BLUE WHITING. Size of year classes 1970-1991 at age 0 (in millions).

Meðalveiðidánartala (F) 4-8 ára kolmunna var mjög lág eða innan við 0,1 á árunum 1970-1977. Eftir það jókst hún jafnt og þétt upp í 0,53 árið 1986 (mynd 2.16.1) en hefur síðan farið minnkandi og var innan við 0,2 árin 1991-1992. Sóknin á árunum 1981-1990 var verulega meiri en kjörsókn, sem reiknast á bilinu 0,21-0,24. Hafa ber í huga að allir útreikningar á afrakstri á nýliða og kjörsókn eru afar næmir fyrir breytilegri sókn í yngri árgangana þar sem þyngdaraukningin er mjög mikil fyrstu þrjú ár ævinnar.

2.16.4 Horfur og tillögur um hámarksaflla

Spá um afla og stofnstærð fyrir árið 1993 er sýnd í töflu 2.16.1.


TAFLA 2.16.1
Kolmunni. Áhrif mismunandi sóknar á aflahámark 1993 (milljónir tonna).
Blue whiting. The influence of various fishing mortalities on TAC for 1993 (million tonnes).

1992					1993			1994	
Heildarstofn <i>Total stock</i>	Hrygnstofn <i>Spawn. stock</i>	F ¹⁾	Afli <i>Catch</i>	Veiðiráðgjöf 1993 <i>F₉₃</i>	Heildarstofn <i>Total stock</i>	Hrygnstofn <i>Spawn. stock</i>	Afli <i>Catch</i>	Heildarstofn <i>Total stock</i>	Hrygnstofn <i>Spawn. stock</i>
5.4	3.8	0.18	0.44 ²⁾	0.16 = F ₉₁ 0.18 = F ₉₂ 0.24 = F _k	5.4	3.9	0.43 0.49 0.63	5.3 5.2 5.1	3.9 3.8 3.7

1) F = veiðidánartala 4-8 ára kolmunna. (F = fishing mortality of age groups 4-8).

2) Áætlað. *Estimated.*

Gert er ráð fyrir að nýliðun hafi verið 8.7 milljarðar fiska 1992 og nýliðun árána 1993 og 1994 verði 10.3 milljarðar. Ennfremur er gert ráð fyrir að sóknin 1992 hafi verið sem svarar F = 0,18. Með sömu sókn 1993 yrði aflinn um 490 þús. tonn og hrygningarstofninn um 3.8 milljónir tonna 1. janúar 1994.



Mynd 2.16.4. KOLMUNNI. Afrakstur á nýliða miðað við mismunandi sókn, F (veiðidánartölu). F_k er kjörsókn.


Fig. 2.16.4. BLUE WHITING. Yield per recruit curve. F_k = F_{0.1}

Kjörsókn (F = 0,24) gæfi um 630 þús. tonn og mælir vinnunefndin með því að ekki verði sótt meira í stofninn en því svarar. Með þeirri sókn myndu bæði hrygningar- og veiðistofn standa nánast í stað eða minnka óverulega.

2.17 Humar

2.17.1 Veiðarnar 1992 og 1993

Á árinu 1992 (fiskveiðiárið 1991/92) var úthlutað um 2.100 tonnum af humri til 65 báta en alls veiddust um 2.230 tonn. Til samanburðar veiddust 2.157 tonn árið 1991. Afli á togtíma jókst einnig í 51 kg árið 1992 en var 42 kg árið áður. Humarveiðar voru stundaðar frá 21. maí til 14. ágúst og voru gæftir yfirleitt góðar á þessu tímabili. Humarafli og veiðidánartölur frá 1970 eru sýndar á mynd 2.17.1 og aflinn allt frá 1951 í töflu 3.17.1.



Mynd 2.17.1. HUMAR. Heildarafli (þús. tonna) árin 1970-1992 og meðalveiðidánartala (F) 6-13 ára humars sama tímabil.


Fig. 2.17.1. NEPHROPS. Landings (thous. tonnes) 1970-1992 (upper line) and F_{6-13} during the same period.

Á Suðvesturmiðum (Jökuldjúp-Selvogsleir) jókst humarafliinn úr 375 tonnum 1991 í um 400 tonn 1992. Afli á togtíma jókst einnig úr 35 kg í 41 kg á sama tíma, auk þess sem humarinn sem veiddist á svæðunum norðan og vestan Eldeyjar var einna stærstur. Þrátt fyrir það að þetta sé að jafnaði bestu aflabrogð undan Suðvesturlandi síðan 1987-1988, var veiðin þó áfram treg suður af Eldey.

Á Selvogsbanka og við Vestmannaeyjar jókst aflinn úr 360 tonnum 1991 í um 415 tonn 1992. Afli á togtíma varð 40 kg miðað við aðeins 29 kg árin 1990-1991. Þessa aukningu virðist mega rekja til batnandi nýliðunar (árg. 1985 og 1986) en nýliðun hefur yfirleitt verið mjög léleg á vestursvæðunum undanfarin ár.

Eftir mikla lægð í humarveiðum á Suðausturmiðum (Skaftárdjúp-Lónsdjúp) árin 1988-1989, jókst humarafliinn verulega árið 1990 vegna batnandi nýliðunar (árg. 1984 og 1985). Framhald varð á þessari þróun árin 1991-1992 en þá veiddust um 1.420 tonn hvort ár miðað við 1.150 tonn árið 1990. Afli á togtíma jókst að sama skapi úr 51 kg 1991 í 61 kg 1992, sem að miklu leyti má rekja til óvenju góðra aflabragða fyrst á vertíðinni, einkum á austustu svæðunum í Lóns- og Hornafjarðardjúpum. Síðan 1989 hefur afli á miðum undan Suðausturlandi aukist um 75% og afli á sóknareiningu um tæp 60%, sem einkum á rætur að rekja til nýliðunar sterkra árganga frá 1984 og 1985. Af sömu ástæðu hefur landaður humar verið smár árin 1990-1992.

Skipting humaraflans eftir svæðum á árunum 1970-1992 er sýnd í töflu 3.17.2 og eftir aldri árin 1970-1992 í töflu 3.17.3.



Mynd 2.17.2. HUMAR. Spá í júní 1992 um aldurs/lengdarskiptingu aflans (% af fjölda) áhumarvertíðinni 1992 borin saman við aldurs/lengdarskiptingu aflans að vertíð lokinni.

Fig. 2.17.2. NEPHROPS. Prognosis from June 1992 of percentage age/length distribution (in numbers) of the 1992 catch and the actual age/length of the catch.

Á mynd 2.17.2 er sýnd spá sem gerð var fyrir humarvertíðina 1992 um skiptingu aflans eftir áætluðum aldri (miðað við fjölda) og til samanburðar aflann að vertíð lokinni. Eins og reiknað var með reyndist hlutdeild sterku árganganna frá 1984 og 1985 (7-8 ára humar) mjög mikil í aflanum eða um 44%. Fjöldi 6-7 ára humars varð nokkru meiri en gert var ráð fyrir, m.a. vegna batnandi nýliðunar við Vestmannaeyjar og á Selvogsbanka. Þá veiddist lítið af 5 ára humri, sem bent gæti til þess að árgangur 1987 sé lélegur.

Hafrannsóknastofnunin lagði til að humaraflí yrði takmarkaður við 2.200 tonn á fiskveiðiárinu 1992/93. Á vertíðinni sem hófst 21. maí sl. var hins vegar úthlutað 2.400 tonn til 64 báta. Eins og fram kemur á mynd 2.17.6 er gert ráð fyrir hárrí hlutdeild af 7-9 ára humri í aflanum 1993 vegna árganga frá 1984-1986. Hlutfall stórhumars (10 ára og eldri) verður því áfram fremur lágt á vertíðinni 1993.

TAFLA 2.17.1
Humar. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993.
Nephrops. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾	1992/93 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC	2.5	2.7	2.6	2.1	2.1	2.1	2.1	2.2
Heildaraflamark - National TAC	2.5	2.8	2.6	2.1	2.0	2.1	2.1	2.4
Afli alls - Total landings	2.6	2.7	2.2	1.9	1.7	2.2	2.2	-

1) Fiskveiðiaríð september-ágúst. Quota year September-August.

Tafla 2.17.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og humarafla síðan 1986.


2.17.2. Ástand stofnsins

Afli á sóknareiningu var yfirleitt góður allar vertíðirnar 1980-1987 (tafla 3.17.2), fyrst vegna sterkra árganga frá árunum 1970-1973, en síðari árin (1985-1987) vegna mikillar hlutdeildar

árganganna frá tímabilinu 1976-1979. Síðast töldu árgangarnir komu sérstaklega vel fram í veiðunum 1985-87, m.a. vegna óvenju góðra skilyrða til veiða á þessum árum.


Árið 1988 minnkaði bæði afli og afli á togtíma, mest á Suðausturmiðum. Það leiddi til stóraukins sóknarþunga á önnur mið, einkum þó frá Vestmannaeyjum að Selvogsbanka. Þetta varð m.a. til þess að afli og afli á togtíma minnkaði enn frekar á svæðunum undan Suðvesturlandi árin 1989-1990.

Ástæður fyrir samdrætti í humarveiðum árin 1988-1990 eru taldar nokkrar. Í fyrsta lagi var veiðin með mesta móti á Suðausturmiðum 1986-1987 og við Vestmannaeyjar og Reykjanes 1988, þannig að skarð var höggvið í eldri árganga stofnsins. Þá hafa rannsóknir sýnt fram á að árgangar áætlaðir frá 1980-1982 með aldurs-afla aðferð (VP-greiningu), virðast sérstaklega slakir (mynd 2.17.3), sem hefur óhjákvæmilega leitt til lægðar í veiðistofni undir lok áratugarins (mynd 2.17.4).




Mynd 2.17.3. HUMAR. Stærð humarárganganna 1964-1988. Fjöldi við áætlaðan 5 ára aldur (í milljónum).

Fig. 2.17.3. NEPHROPS. Size of year classes 1964-1988 at estimated age 5 (in millions).



Mynd 2.17.4. HUMAR. Stærð veiðistofns (6 ára og eldri) ásamt hluta stórhumars (10 ára og eldri) í þús. tonna árin 1971-1993.

Fig. 2.17.4. NEPHROPS. Fishable stock (6+) and large category (10+) biomass (thous. tonnes) during the period 1971-1993.



Mynd 2.17.7. HUMAR.
Stærð humarstofnsins árin
(þús. tonna) 1980-1994 og
áhrif mismunandi
aflahámarks á áætlaða stærð
hans 1995-1996.

Fig. 2.17.7. NEPHROPS.
Stock size (thous. tonnes)
1980-1994 and projection of
stock biomass in 1995-1996
for different management
strategies.

Af þessu leiðir að verði afli 1994 miðaður við kjörsókn ($F_k = 0,21$), mun veiðistofninn standa í stað árin 1995-1996. Þetta hefði í för með sér 2.300 tonna veiði árið 1994, eða sem svarar 2.200 tonnum af lönduðum afla. Mismunurinn stafar af því að jafnan fæst nokkuð af humarhrygnum með lina skel ("gúmmíkrabba"), sem ekki eru hirtar.

Væri landað 1.800 tonnum yxi veiðistofninn nokkuð og veiðidánarstuðlar yrðu þeir næstlægstu um 20 ára skeið. Við 2.600 tonna landaðan afla færi veiðistofninn hins vegar ört minnkandi og veiðidánarstuðlar færu talsvert fram úr kjörsókn.


Með hliðsjón af þessu, leggur Hafrannsóknastofnunin til að humarafla fari ekki yfir 2.200 tonn fiskveiðiárið 1993/94, en það svarar u.þ.b. til kjörsóknar í stofninn. Með þessu móti má vænta aukinnar hlutdeildar af stórhumri frá og með vertíðinni 1994.

2.18 Rækja

2.18.1 Veiðarnar 1992-1993

Heildarækjuafliinn varð rúm 47 þús. tonn árið 1992 en var 38 þús. tonn árið 1991 (mynd 2.18.1). Tafla 3.18.1 sýnir heildarafla eftir svæðum árin 1986-1992. Rækjuafli á grunnslóð jókst árið 1992 og varð 7.500 tonn miðað við 6.900 tonn árið 1991. Frá árinu 1988 hefur afli aukist um rúm 3.700 tonn (mynd 2.18.1, tafla 3.18.1). Þessari auknu veiði veldur markviss uppbygging rækjustofna á grunnslóð og minnkandi afrán þorsks, auk tilkomu nýrra svæða á Skjálfanda þar sem veiðar hófust árið 1990. Veiðar hófust einnig á ný á gömlu svæðunum við Eldey og í Öxarfirði en lítið hefur verið af rækju þar í mörg ár. Rækjuafli á grunnslóð á fiskveiðiárinu 1992/93 verður um 7.400 tonn miðað við 7.200 tonn fiskveiðiárið 1991/92 (tafla 2.18.1).

Rækjuafli á úthafinu jókst mjög árið 1992, þ.e. úr rúmlega 31 þús. tonnum árið 1991 í tæp 40 þús. tonn. Aukningin varð einkum norðaustanlands á svæðunum frá Sléttugrunni að Héraðsdjúpi og Dohmbanka. Alls stunduðu 134 skip þessar veiðar.




Mynd 2.18.1. RÆKJA. Heildarrækjuafli 1964-1992 (heila línan). Slitna línan merkir afla á djúpslóð.

Fig. 2.18.1. PANDALUS. Landings at Iceland 1964-1992 (solid line) by years. The broken line represents landings from offshore areas.

2.18.2 Ástand rækju á grunnslóð 1992-1993 og tillögur um hámarksafla á fiskveiðiárinu 1993/94

Almennt lífur vel út um rækjuveiðar á grunnslóð á næsta veiðitímabili. Sú nýbreytni er nú tekin upp að tillögur um hámarksafla innfjarða eru einungis tillögur um aflamark fyrstu mánuði vertíðarinnar (tafla 2.18.2). Tillögur um hámarksafla á vertíðinni allri verða gerðar að loknum hinum venjulegu haustkönnunum.




Mynd 2.18.2a. RÆKJA. Aflí á sóknareiningu á grunnslóð 1967-1992.

Fig. 2.18.2a. PANDALUS. CPUE in inshore waters 1967-1992.

Rækjustofninn við **Eldey** var nokkuð stór árið 1992 og hefur verið í örum vexti eftir hrunið 1988 (mynd 2.18.2a). Veiðar voru stundaðar allt fram í desember. Veidd voru 690 tonn á Eldeyarsvæðinu árið 1992 en úthlutað hafði verið 800 tonnum. Veiðar hófust upp úr miðjum maí 1993 og er lagt til að aflí verði 500 tonn árið 1993.

Afli á sunnanverðum **Breiðafirði** var líttill árið 1992, eða aðeins rúm 100 tonn. Þetta svæði er einungis hluti af rækjumiðunum við Snæfellsnes og veiðist meirihluti rækjunnar í Kolluál sem telst úthafssvæði (sjá hér að neðan). Ekki er gerð tillaga um hámarksafla á Breiðafirði en mælt með að leyfa þar aðeins veiðar á tímabilinu maí-júní eins og verið hefur.

Í **Arnarfirði** fór rækjustofninn vaxandi frá vertíðinni 1985/86. Afli á sóknareiningu náði hámarki veturinn 1989/90 (mynd 2.18.2a). Veturinn 1992/93 var 1987 árgangurinn mjög áberandi auk þess sem sterkur árgangur frá 1990 er í uppvexti. Veiðin 1993/94 mun því byggjast einkum á þriggja og 6 ára rækju. Lagt er til að upphafsafli verði 500 tonn fiskveiðiárið 1993/94.



Mynd 2.18.2b. RÆKJA.
Afli á sóknareiningu
(kg/klst.) á grunnslóð 1967-
1992.

Fig. 2.18.2b. PANDALUS.
CPUE (kg/hr) in inshore
waters 1967-1992.

Í **Ísafjarðardjúpi** fór veiðstofn rækju vaxandi frá vertíðinni 1988/89 vegna hins sterka árgangs frá 1987. Veturinn 1992/93 var þessi árgangur og árgangurinn frá 1988 lítt áberandi. Hins vegar er 1990 árgangurinn sterkur og einnig er talið að 1991 árgangurinn sé sterkur. Þriggja og fjögurra ára rækja mun því halda uppi veiðinni veturinn 1993-1994. Lagt er til að upphafsafli verði 2.000 tonn fiskveiðiárið 1993/94.

Rækjustofninn í **Húnaflóa** virðist vera mun minni en áður var álitid og þurfti að minnka leyfilegan hámarksafla úr 2.000 tonnum í 1.500 tonn á seinustu vertíð. Veiðarnar gengu fremur illa veturinn 1992/93 og var afli á togtíma aðeins 226 kg sem er lítið miðað við það sem venjulegt er í Húnaflóa (mynd 2.18.2b). Afliinn varð um 1.500 tonn og var hlutdeild árganga í veiðinni jöfn. Lagt er til að upphafsafli verði 1.000 tonn fiskveiðiárið 1993/94.

Í **Skagafirði** voru veidd um 450 tonn veturinn 1992/93. Afli á sóknareiningu fór vaxandi frá því veiðar hófust þar að nýju haustið 1988 til vetrarins 1991/1992 en þá fékkst 841 kg/klst. Síðan minnkaði afli á sóknareiningu í 439 kg/klst. veturinn 1992/93 (mynd 2.18.2b). Þriggja til 5 ára rækja mun bera uppi veiðina næsta vetur. Lagt er til að upphafsafli verði 300 tonn fiskveiðiárið 1993/94.

Veiðar á **Skjálfanda** hófust árið 1990. Þá voru veidd 125 tonn af rækju, en 600 tonn veturinn 1992/93. Líttil reynsla er af rækjuveiðum á þessu svæði og því óljóst um framtíð þeirra. Lagt er til að upphafsafli verði 300 tonn á Skjálfanda fiskveiðiárið 1993/94.

Í Öxarfirði voru veidd um 700 tonn á vertíðinni 1992/93 miðað við 500 tonn veturinn 1991/92. Afli á togtíma var 942 kg/klst. veturinn 1992/93, eða jafn mikill og þegar stofninn var stærstur á árunum 1976-1979 (mynd 2.18.2b). Árgangurinn frá 1990 (þriggja ára rækja) mun að líkindum verða mest áberandi í veiðinni næstu vertíð, en einnig má búast við að nokkuð veiðist af 1988 árganginum. Lagt er til að upphafsafli í Öxarfirði fiskveiðarárið 1993/94 verði 400 tonn.

TAFLA 2.18.1

Rækja á grunnslóð. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993.

Innshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986/87	1987/88	1988/89	1989/90	1990/91	1991/92 ¹⁾	1992/93 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC	2.7	3.4	3.6	4.4	6.9	7.2	7.3
Heildaraflamark - National TAC	2.8	3.8	3.9	4.7	7.0	7.2	7.3
Afli - Landings	2.8	3.8	3.9	4.7	7.1	7.2	

1) Fiskveiðarárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

Meðalstærð rækju (fjöldi í kg) á hinum ýmsu svæðum er sýnd í töflu 3.18.3. Smæsta rækjan er yfirleitt innfjarða. Þó eru árskipti á meðalstærðinni og breytist hún eftir styrk einstakra árganga sem eru missterkir eftir svæðum. Athygli vekur að árið 1992 var meðalstærð rækju almennt minni á úthafs-rækjusvæðunum en mörg ár á undan. Undantekningar frá þessu var þó að finna á Norðurkanti og við Kolbeinsey.

TAFLA 2.18.2

Rækja á grunnslóð. Tillögur um upphafsafli (tonn) fiskveiðarárið 1993/94.

Pandalus inshore. Recommended provisional TAC (tonnes) for the quota year 1993/94.

Svæði Area	Fiskveiðarárið 1993/94 Quota year 1993/94
Eldey	500 ¹⁾
Arnarfjörður	500
Ísafjarðardjúp	2.000
Húnaflói	1.000
Skagafjörður	300
Skjálfandi	300
Öxarfjörður	400


1) Tillaga um leyfilegan hámarksafli og aflamark við Eldey árið 1993. *Recommended and national TAC for this area applies to calendar year 1993.*

2.18.3 Ástand úthafs-rækju 1992 og tillögur um hámarksafli á fiskveiðarárinu 1993/94

Úthafs-rækjuveiðar hér við land hófust um miðjan 8. áratuginn en fram til ársins 1983 var úthafs-rækjuafliinn aðeins brot af heildarrækjuveiðinni (mynd 2.18.1). Veruleg umskipti urðu á árinu 1984 þegar úthafs-rækjuafliinn varð rúm 16.500 tonn. Árið 1986 komst aflinn í 30 þús. tonn og náði svo hámarki 1987 þegar veiddust tæp 35 þús. tonn. Á árunum 1988 og 1989 minnkaði úthafs-rækjuafliinn mikið en hefur síðan farið vaxandi og varð tæp 40 þús. tonn árið 1992 (mynd 2.18.1 og tafla 3.18.1).

Rækjuveiðar á miðunum frá Norðurkanti að Grímsey hófust upp úr 1970. Veiðin var þó fremur lítil framan af en komst í rúm 6 þús. tonn árið 1983. Síðan fór aflinn hraðvaxandi til 1987

er tæp 25 þús. tonn fengust á miðunum Norðurkantur-Grímsey. Á árunum 1988-1990 minnkaði afli verulega á þessu svæði en jókst í rúm 26 þús. tonn árið 1991 og í 27.400 tonn árið 1992 (tafla 3.18.2).



Mynd 2.18.3. RÆKJA. Afli á sóknareiningu (A/S, kg/klst.) á helstu úthafs-rækjvæðunum 1974-1992.

Fig. 2.18.3. PANDALUS. CPUE (kg/hr) in offshore areas 1974-1992.

Afli á sóknareiningu sem talinn er vísbending um ástand stofna, var um og yfir 150 kg/klst. á Norðurmiðum þegar veiðar hófust en minnkaði síðan mjög ört (mynd 2.18.3). Tiltölulega litlar breytingar hafa orðið á stærð hinna hefðbundnu veiðisvæða á síðustu árum, þ.e. svæðinu Norðurkantur-Grímsey. Afli á sóknareiningu minnkaði úr 93 kg/klst. 1985 í 66 kg/klst. 1988 og hefur aldrei orðið minni. Síðan hefur afli á sóknareiningu farið vaxandi úr 68 kg/klst. 1989 í 87 kg/klst. árið 1991, en minnkaði síðan lítillega í 84 kg/klst. 1992 (tafla 3.18.2).

TAFLA 2.18.3

Úthafs-rækja. Tillögur Hafrannsóknastofnunar um aflahámark, heildaraflamark samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) árin 1986-1993. Offshore Pandalus. TAC recommended by the Marine Research Institute, national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1991/92 ¹⁾	1992/93 ¹⁾
Tillaga - Recommended TAC ²⁾	-	30.0	30.0	20.0	22.0	28.0	35.0	35.0
Heildaraflamark - National TAC ²⁾	-	33.4	30.0	20.9	24.6	-	40.0	40.0
Afli - Landings ³⁾	30.4	34.7	25.9	22.2	24.6	31.4	35.7	

1) Fiskveiðiárið september-ágúst. Quota year September-August.

2) Án Dohrbanka. Excluding Dohrbank area.

3) Með Dohrbanka. Including Dohrbank area.

Rækjuveiðar norðaustanlands á svæðunum frá Sléttugrunni að Héraðsdjúpi hófust í smáum stíl árið 1984. Þá voru veidd tæplega 1.900 tonn á þessum miðum og fékkst nær allur aflinn í Héraðsdjúpi. Gífurleg aukning varð síðan á veiðum þarna og árið 1986 fór aflinn upp í rúm 10 þús. tonn. Þetta orsakaðist bæði af auknum afla í Héraðsdjúpi en sérstaklega vegna veiða á nýjum miðum úti af Sléttu og Langanesi. Um 2/3 hlutar aukins afla á djúpslóð árið 1986 fengust á þessum nýju miðum. Árið 1987 minnkaði rækjuafli í rúm 7 þús. tonn á svæðinu frá Sléttugrunni að Héraðsflóa. Sóknin minnkaði um meira en helming á árinu 1988 og enn meira

árið 1989 þegar aflinn varð einungis 1.000 tonn. Aflinn jókst lítillega árin 1990 og 1991, en mikið árið 1992, þegar rúm 7.000 tonn fengust á þessu svæði (tafla 3.18.2). Árin 1986 til 1988 fór afli á sóknareiningu minnkandi á Norðausturmiðum úr 131 kg/klst. í 84 kg/klst. Afli á togtíma jókst í 101 kg/klst. árið 1989 og fór enn vaxandi í 122 kg/klst. árið 1992 (mynd 2.18.3 og tafla 3.18.2).

Á **Tangafflaksmiðum** (þar með talið Rauða torgið) varð afli mestur árið 1988, rúmlega 800 tonn. Afli á sóknareiningu hefur hins vegar verið breytilegur eða frá 60 til 111 kg/klst. og var aðeins 74 kg/klst. árið 1992. Heildarafli á þessu svæði hefur verið lítill síðustu árin og var aðeins 150 tonn árið 1992.

Í **Kolluál** jókst afli á sóknareiningu (óstaðlaður miðað við vörpustærð) mikið frá árinu 1988 eða úr 38 kg/klst. í 117 kg/klst. árið 1991 (tafla 3.18.2 og mynd 2.18.2a) Nú hefur afli á sóknareiningu heldur minnkað og var 103 kg/klst. árið 1992. Afli jókst á árunum 1988-1990 og varð tæp 2.500 tonn árið 1990. Árið 1991 veiddust 1.700 tonn í Kolluál en tæp 2.400 tonn árið 1992.

Rækjan við **Dohrnbanka** er enn stærsta rækjan sem veiðist á miðunum við landið, 92 stk/kg (tafla 3.18.3), en hún hefur farið smækkandi þrjú síðustu árin frá því að vera yfirleitt 60-70 stk/kg. Talið er að meiri hluti Dohrnbankastofnsins liggja vestan við miðlínu milli Íslands og Grænlands. Afli á sóknareiningu hjá skipum hinna ýmsu þjóða er stunda veiðar þarna bendir einnig til þess að Dohrnbankastofninn hafi látið talsvert á sjá seinustu þrjú árin. Rækjuafli Íslendinga hefur verið mjög stopull á undanförunum árum enda hefur oft legið ís yfir svæðinu á vorin og fyrri hluta sumars. Árið 1992 var hins vegar mjög góð veiði í apríl og maí við Dohrnbanka enda enginn ís til trafala. Þar veiddust rúmlega 1.400 tonn miðað við tæp 500 tonn árið 1991. Afli á togtíma (óstaðlaður) var mikill bæði árin sem rækja fékkst á íslenska hluta svæðisins, eða 197 kg/klst. árið 1991 og 208 kg/klst. árið 1992 (tafla 3.18.2).

Athuganir á lengdardreifingu úthafsækju 1992 bentu til þess að nýliðun væri jafnvel enn betri en 1990 og 1991 og munaði þar mest um 1990 árganginn sem virðist mjög sterkur. Smæsta rækjan (378 stk./kg) fékkst innarlega á Bakkafirði og á Grímseyjarmiðum (375 stk./kg). Einnig var rækjan með smæsta móti við Sporðagrunn, í Skagafjarðardjúpi, Eyjafjarðarál og Héraðsdjúpi.

Stofnmæling úthafsækju var gerð í fyrsta sinn sumarið 1987 og hefur síðan farið fram árlega á sama hátt með þeirri undantekningu að frá og með árinu 1988 hefur hún náð til nokkru stærra svæðis en upphaflega, eða allra úthafsækjumíðanna fyrir Norðvestur-, Norður- og Austurlandi. Niðurstöður stofnmælinganna benda til þess að stofn úthafsækju hafi farið minnkandi á árabílinu 1991-1992 og stangast þetta á við mælingar á afla á sóknareiningu á svæðinu Norðurkantur-Grímsey sem hefur lítið breyst seinustu þrjú árin. Hins vegar hefur stofnvísitala nær fimmfaldast á svæðinu Sléttugrunn-Héraðsdjúp frá því 1988.

Afli á sóknareiningu gefur einnig vísbendingu um þróun stofnstærðar og samkvæmt því virðist stærð úthafsækjustofnanna hafa aukist nokkuð frá árinu 1990. Talið er að minnkandi þorskgengd og sterku árgangarnir frá 1987 ráði hér mestu um. Með tilkomu hins sterka 1990 árgangs er því gert ráð fyrir að úthafsækjustofnar haldist stórir.

Árið 1991 var þróað líkan sem lýsir áhrifum veiða, nýliðunar rækju og mismunandi þorskgengdar á stærð rækjustofna á svæðinu Norðurkantur-Grímsey síðastliðin 15 ár en þar veiðist mestur hluti úthafsækjunnar. Miðað við 40 þús. tonna ársafla er reiknað með að stofnstærð úthafsækju haldist svipuð í nokkur ár nema breytingar verði á nýliðun rækju og stærð þorskstofnsins, einkum hins ókynþroska hluta hans.

Í ljósi þessa leggur Hafrannsóknastofnunin til að heildarafli úthafsækju af öðrum miðum en Dohrnbanka verði 40 þús. tonn fiskveiðiárið 1993/94.

2.19 Hörpudiskur

2.19.1 Veiðarnar 1992 og 1993

Heildaraflí hörpudisks árið 1992 varð um 12.400 tonn, en árið 1991 veiddust 10.300 tonn. Að venju var aflinn langmestur í Breiðafirði eða um 10.500 tonn, en Hafrannsóknastofnunin lagði til 8.500 tonna hámarksafla í Breiðafirði 1992. Þessa miklu veiði umfram tillögur má m.a. rekja til þess að útgerðir gátu nýtt sér heimilaðar tilfærslur á afla þegar úthlutun færðist á fiskveiðiár 1. september 1992. Á Arnarfirði og í Húnaflóa voru aflaheimildir hins vegar ekki fullnýttar. Heildaraflí af hörpudiski ásamt aflanum í Breiðafirði árin 1969-1992 er sýndur á mynd 2.19.1 og tafla 3.19.1 tilgreinir aflann eftir svæðum og í heild. Gert er ráð fyrir minni hörpudisksafla árið 1993, einkum vegna minnkandi afla í Breiðafirði.

TAFLA 2.19.1
Hörpudiskur. Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark, heildaraflamark
samkvæmt ákvörðunum stjórnvalda og afli (þús. tonn) 1986-1993.
Iceland scallop. TACs recommended by the Marine Research Institute,
national TAC and landings (thous. tonnes) 1986-1993.

Ár Year	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1992/93 ¹⁾
<i>Tillaga - Recommended TACs</i>								
Breiðafjörður	10.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0	8.5	8.5
Alls (Total)	14.2	14.5	13.5	13.5	13.5	12.5	11.2	11.5
<i>Heildaraflamark - National TAC</i>								
Breiðafjörður	12.0	11.0	10.0	10.0	10.0	9.0	8.5	8.5
<i>Afli - Landings</i>								
Breiðafjörður	12.7	11.1	9.8	10.1	10.1	8.9	10.6	-
Alls (Total)	16.4	13.3	10.1	10.8	12.5	10.3	12.4	-


1) Fiskveiðiárið september-ágúst. *Quota year September-August.*

Tafla 2.19.1 sýnir tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um aflahámark á hörpudiski, ákvarðanir stjórnvalda um aflahámark og afla síðan 1986.

2.19.2 Ástand stofnsins

Samkvæmt niðurstöðum stofnmælinga í Breiðafirði er talið að hörpudisksstofninn þar hafi minnkað um 30% á 10 ára tímabilinu frá 1982-1992 (mynd 2.19.2). Árin 1991 og 1992 mældist veiðistofninn hins vegar nokkru stærri en árin 1988-1990 vegna góðrar nýliðunar 6-7 sm hörpudisks þrátt fyrir að hlutdeild stærri og eldri einstaklinga í stofninum færi áfram minnkandi. Stofnmæling í Breiðafirði 1993 var gerð í apríl og mældist stofnvísitalan mun lægri en árin 1991-1992. Hugsanlega má rekja þetta til mikilla veiða 1992 eins og lýst var að framan.


Endurbætur sem orðið hafa í tímans rás, bæði á gerð hörpudisksplóga og öðrum búnaði við veiðarnar, torvelða samanburð á afla á sóknareiningu, einkum þegar til lengri tíma er litið. Hjá staðbundinni tegund eins og hörpudiski getur tilfærsla í veiðum enn fremur leitt til óraunhæfs samanburðar þótt um skamman tíma sé að ræða. Með tilliti til þessa hefur verið gerð úttekt á þróun afla á sóknareiningu á 13 undirreitum í Breiðafirði, auk svæðisins í heild árin 1986-1992. Enn fremur hefur verið leiðrétt fyrir mældum breytingum á veiðihæfni skelplógs allt frá árinu 1982.



Mynd 2.19.1.
HÓRPUDISKUR.
Heildaraflí 1969-1992 (þús. tonna) ásamt aflanum í Breiðafirði (brotna línan).

Fig. 2.19.1. ICELAND SCALLOP. Total landings (thous. tonnes) during the period 1969-1992 along with the landings from the Breiðafjörður area (broken line).

Eins og sjá má á mynd 2.19.2 virðist aflí skelbáta á sóknareiningu (leiðréttur aflí á veiðistund) hafa minnkað í takt við stofnvísitölu úr rannsóknaleiðöngnum á árunum 1982-1991 eða um 25%. Vegna bættrar veiðitækni minnkaði aflí á veiðistund þó ekki að sama skapi á þessu tímabili.



Mynd 2.19.2.
HÓRPUDISKUR.
Samanburður á stofnvísitölu (V) hörpudisks frá rannsóknum á Breiðafirði og afla á sóknareiningu (A/S) hjá skelbátum á sama svæði árin 1977-1993.

Fig. 2.19.2. ICELAND SCALLOP. Stock size index (V) for Iceland scallop in Breiðafjörður and CPUE (A/S) from scallop boats in the same area during 1977-1993.

Árið 1992 jókst meðalafli á veiðistund í Breiðafirði í 1.093 kg en hann var um 950 kg árin 1990-1991. Þá reyndist meðalafli í janúar-mars 1993 um 1.050 kg á veiðistund. Þessi mikla aukning 1992 og það sem af er þessu ári á hugsanlega rætur að rekja til þess að herra hlutfall er nú hirt af smærri skel en áður og auk þess var nýliðun góð árin 1991-1992.

Aflí á veiðistund í Ísafjarðardjúpi var um 355 kg árið 1992 samanborið við 350 kg 1991. Í Húnaflóa var aflí á veiðistund um 320 kg en var 290 kg árið 1991. Þá aflaðist einstaklega vel á Dýrafirði 1992 og framan af ári 1993, en hlé varð þar á veiðum 1991.

2.19.3 Tillögur um hámarksafli fiskveiðiárið 1993/94

Afli á sóknareiningu í Breiðafirði jókst verulega árið 1992 og fyrstu þrjú mánuði ársins 1993, en hann hafði verið stöðugur árin 1988-1991. Þessa aukningu má að einhverju leyti rekja til mjög góðrar nýliðunar, einkum á sunnanverðum Breiðafirði. Stofnmæling í apríl 1993 bendir hins vegar til þess að veiðistofninn hafi farið minnkandi, enda var veiðin 1992 meiri en áætlað var. Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að hörpudisksafli á Breiðafirði á fiskveiðiárinu 1993/94 fari ekki yfir 8.000 tonn.

Í Arnarfirði er lagður til 300 tonna hámarksafli fiskveiðiárið 1993/94, sem er svipaður afli og árið 1992. Í þessari tillögu er tekið nokkurt tillit til stofnmælingar árið 1991, en litlar upplýsingar hafa borist um afli á sóknareiningu frá skelbátum.

Í Ísafjarðardjúpi er lagt til að veiðd verði allt að 500 tonn 1993/94 en veiðin þar nam rúmum 600 tonnum árið 1992. Tillögur um veiðar í Dýrafirði, Patreksfirði og Tálknafirði taka mið af niðurstöðum stofnmælinga 1992, auk góðrar veiði á Dýrafirði 1992-1993.

Í Húnaflóa er lagður til 1.000 tonna hámarksafli fiskveiðiárið 1993/94.

TAFLA 2.19.2

Hörpudiskur. Tillögur um hámarksafli á helstu miðum fiskveiðiárið 1993/94.
Iceland scallop. TAC recommended for the quota year 1993/94.

Mið Area	Afli (tonn) TAC (tonnes)
Breiðafjörður	8.000
Patreks- og Tálknafjörður	100
Arnarfjörður	300
Dýrafjörður	150
Ísafjarðardjúp	500
Húnaflói og Norðurstrandir	1.000

Tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um hámarksafli á hörpudiski á hinum ýmsu miðum fiskveiðiárið 1993/94 eru sýndar í töflu 2.19.2.

2.20 Hvalir

2.20.1 Hvalveiðar við Ísland og tímabundin stöðvun þeirra

Stórhvalveiðar voru stundaðar með hléum frá landstöðvum við Ísland í liðlega eina öld, en frá árinu 1948 takmörkuðust veiðarnar við starfsemi stöðvarinnar í Hvalfirði. Lengst af voru fjögur skip að veiðum yfir vertíðarmánuðina júní-september. Að meðaltali voru veiddar 234 langreyðar og 68 sandreyðar á ári tímabilið 1948-1985, og 82 búrhvalir árin 1948-1982 (alfriðaður í Norður-Atlantshafi frá 1982). Árið 1986 gekk í gildi ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun veiða í atvinnuskyni. Með leyfi stjórnvalda og í samræmi við ákvæði hvalveiðiráðsins var hins vegar veiddur takmarkaður fjöldi lang- og sandreyða í rannsóknarskyni árin 1986-1989. Árin 1990-1992 voru engar stórhvalveiðar stundaðar frá Íslandi.

Hrefnuveiðar hafa verið stundaðar á litlum vélbátum hér við land mestan hluta þessarar aldar. Veiðar þessar voru þó lengst af smáar í sniðum, nokkrir tugir dýra á ári. Á árunum 1977-1985 ákvarðaði Alþjóðahvalveiðiráðið árlega veiðikvóta fyrir svæðið Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen og komu flest árin um 200 hrefnur í hlut Íslendinga. Vegna banns við hvalveiðum í

atvinnuskyni hafa hins vegar engar veiðar á hrefnu verið leyfðar hér við land frá lokum vertíðar 1985.

2.20.2 Ástand stofna og veiðipól

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni, var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims, sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að stórefla hvalrannsóknir, m.a. með umfangsmiklum líffræðilegum athugunum, talningum og rannsóknum á áhrifum veiða á stofnana. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið kynntar í vísindanefnd hvalveiðiráðsins. Nefndin hefur m.a. staðfest niðurstöður um stofnstærð hrefnu, lang- og sandreyðar á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum.

2.20.2.1 Hrefna

Í júní 1990 gerði vísindanefnd ráðsins úttekt á hrefnustofnum á Norður-Atlantshafi (sjá nánar um þetta í fyrri skýrslum um ástand nytjastofna, Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 25 og 29). Fyrirliggjandi gögn sýna að a.m.k. þrjár stofnar hrefnu eru á Norður-Atlantshafi með höfuðútbreiðslu á hvalveiðimiðunum við Vestur-Grænland, Ísland (Mið-Atlantshafs stofn) og Norður-/Vestur-Noreg.

Samkvæmt talningum eru um 28.000 hrefnur á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu. Útreikningar sýna að veiðar undanfarna áratugi hafi engin teljandi áhrif haft á stofninn. Ástand hans telst því gott og er talið að veiðar á t.d. 200 dýrum á ári næstu 5 árin hefðu afar lítil áhrif á stofnstærðina, jafnvel svo að varlega ætlað ætti hún haldast ofan við 70-80% af stærðinni árið 1940. Útreikningar byggðir á svipuðum veiðistjórnunareglum og þróaðar hafa verið fyrir hvalveiðar annars staðar í heiminum sýna svipaða niðurstöðu.

2.20.2.2 Langreyður

Árið 1991 var haldinn í Reykjavík sérstakur fundur um ástand langreyðarstofna í Norður-Atlantshafi (sjá nánar Hafrannsóknastofnun, Fjölrit nr. 25 og 29). Við stjórnun veiða hefur jafnan verið gert ráð fyrir að langreyðar á Norður-Atlantshafi skiptist í 7 stofna eða stofnsvæði, þ.e. svæðin við 1) Nova Scotia, 2) Nýfundnaland-Labrador, 3) Vestur-Grænland, 4) Austur-Grænland/Ísland, 5) Norður-Noreg, 6) Vestur-Noreg/Færeyjar og 7) hafsvæðið undan ströndum Bretlandseyja, Spánnar og Portúgal.

Samkvæmt talningu (og merkingum við Kanada) eru a.m.k. 50.000 langreyðar á Norður-Atlantshafi. Um 15.600 dýr eru talin vera á hafsvæðinu Austur-Grænland/Ísland/Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðan 50° N.

Þegar gert er ráð fyrir að stofnsvæði langreyðar sem gengur hingað á miðin nái til hafsvæðisins milli Austur-Grænlands, Íslands og Jan Mayen, sýna útreikningar gott ástand stofnsins. Nýleg úttekt bendir til þess að stofninn á þessu svæði þoli umtalsverðar veiðar, a.m.k. 100-200 hvali á ári, og líklega yfir 200 á ári.

2.20.2.3 Sandreyður

Samkvæmt útreikningum voru um 10.500 sandreyðar á leitarsvæði íslensku skipanna sumarið 1989 vestan og suðvestan Íslands. Miðað við að einu veiðarnar á þessari tegund undanfarin ár hafa verið frá Íslandi, er næsta víst að stofninn hafi þolað þær. Ekki hefur þó enn farið fram tölulegt mat á veiðipóli stofnsins.

2.21 Selir


2.21.1 Selveiðarnar

Selveiðar 1992 urðu mun meiri en árið á undan en þá voru þær með minnsta móti (tafla 3.21.1). Alls veiddust um 3.150 selir. Þar af veiddust á vegum Hringormanefndar 1.148 haustkópar, 826 útselir (ársgamlir og eldri) og 56 farselir (mest blöðruselir). Vegna fæðurannsóknna Hafrannsóknastofnunar voru veiddir 523 landselir. Auk þess veiddu selabændur um 624 vorkópa vegna skinna.

2.21.2 Ástand selastofna við Ísland

2.21.2.1 Landselur

Samkvæmt niðurstöðum talninga á landsel frá 1980 til 1992 er stofninn á niðurleið (mynd 2.21.1) og hefur fækkað um helming á þessu tímabili. Árleg fækkun nemur um 7% að meðaltali, en gæti verið á bilinu 4-10%. Landselum hefur fækkað mest við Austurland og í Faxaflóa, en minnst við Vestfirði og Norðausturland.



Mynd 2.21.1.
LANSELUR. Talningar á
landsel (fjöldi) úr lofti
tímabilið 1980-1992.

Fig. 2.21.1. HARBOUR
SEAL. Results from areal
counting of common seals at
the coast of Iceland in the
period 1980-1992.

2.21.2.2 Útselur

Niðurstöður talninga á útselskópum síðan 1982 og fram til 1992 benda ekki til verulegra breytinga á fjölda útsela hér við land. Kópar voru þó færri árið 1992 en oftast áður (tafla 2.21.1).

TAFLA 2.21.1

Fjöldi fæddra útselskópa og áætluð stofnstærð útsels tímabilið 1982-1992
á mismunandi strandsvæðum landsins.

*Estimated pup-production and stock size of grey seal on coastal areas around Iceland
in the period 1982-1992.*

Strandsvæði - Coastal areas / Ár - Year	1982	1986	1990	1992
Faxaflói	365	341	307	203
Breiðafjörður	1.218	1.542	1.091	1.035
Norðvesturland	616	393	1.004	495
Austurland	0	0	0	0
Suðurland	490	689	632	400
Alls - Total	2.689	2.965	3.034	2.133
Áætluð stofnstærð <i>Estimated pop. size</i>	10.800	11.900	12.150	8.550

3. Tölflur

Tables

TAFLA 3.1

Umhverfispættir í maí-júni 1952-1992.
Environmental factors in May-June 1952-1992.

Ár Year	Siglunes				Látrabjarg
	Hitafrávik Temp. dev. 0-200 m $\Delta t^{\circ}C$	Seltufrávik Sal. dev. 0-200 m $\Delta S^{\circ}/_{\infty}$	Frumframleiðni Prim. prod. 10 m $mg\ C\ m^{-3}\ klst^{-1}$	Átumagn Zoopl. vol. 50-0 m $ml/21\ m^3$	Strandstraumur sem þykkt ferskvatns m Coast. curr. index
	1952	0.921	0.277	-	-
1953	1.154	0.117	-	-	-
1954	1.916	0.255	-	-	-
1955	1.902	0.260	-	-	-
1956	1.566	0.073	-	-	0.491
1957	1.424	0.225	-	-	-
1958	0.256	0.098	6.8	2	0.237
1959	1.882	0.263	2.3	7	0.515
1960	2.050	0.320	-	-	-
1961	1.698	0.346	2.3	22	0.738
1962	1.007	0.311	4.3	24	-
1963	-0.081	0.079	2.5	7	-
1964	1.916	0.245	8.3	15	0.880
1965	0.084	-0.236	0.3	3	0.254
1966	-0.195	0.145	1.0	2	-
1967	-2.122	-0.172	2.4	1	0.235
1968	-0.730	-0.223	1.6	5	-
1969	-1.588	-0.355	0.3	2	-
1970	-0.992	-0.232	0.4	4	0.549
1971	-1.757	-0.133	0.8	9	0.875
1972	0.683	0.077	8.2	5	0.836
1973	1.124	0.134	1.1	4	1.501
1974	1.137	0.158	7.6	2	1.230
1975	-1.100	-0.129	0.4	4	0.365
1976	0.295	0.042	6.4	6	1.395
1977	-0.109	-0.123	1.3	16	0.632
1978	0.755	0.034	6.7	8	0.549
1979	-1.496	-0.235	0.7	6	0.177
1980	1.438	0.267	13.3	4	0.667
1981	-1.083	0.084	7.2	3	0.613
1982	-0.616	-0.101	15.0	1	0.393
1983	-1.280	-0.071	1.5	3	0.620
1984	-0.200	0.091	2.7	5	1.279
1985	1.075	0.234	5.4	7	1.131
1986	0.045	0.185	20.7	2	0.914
1987	1.041	0.107	12.3	6	0.532
1988	-0.725	-0.134	2.2	2	0.647
1989	-0.470	0.113	23.0	2	0.858
1990	-1.049	-0.038	1.5	3	0.895
1991	1.193	0.214	17.5	8	0.735
1992	1.290	0.228	27.8	8	1.390
1993	1.264	0.225	7.5	14	1.778

TAFLA 3.1.1

Porskur. Affi (í tonnum) á Íslandsmiðum 1905-1992.
Cod. Nominal catch (in tonnes) from Iceland grounds 1905-1992.

Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total	Ár Year	Ísland Iceland	Aðrar þjóðir Other nations	Samtals Total
1905	44.775	47.355	92.130	1949	221.419	93.135	314.554
1906	48.302	58.441	106.743	1950	197.433	152.922	350.355
1907	53.868	62.838	116.706	1951	183.252	165.230	348.482
1908	58.259	66.704	124.963	1952	237.314	162.629	399.943
1909	56.670	58.831	115.501	1953	263.516	262.545	526.061
1910	71.007	62.595	133.602	1954	306.191	241.339	547.530
1911	75.114	77.762	152.876	1955	315.438	222.692	538.130
1912	75.499	79.477	154.976	1956	292.586	188.123	480.709
1913	79.870	95.110	174.980	1957	247.087	204.822	451.909
1914	53.473	135.025	188.498	1958	284.407	224.276	508.683
1915	66.030	70.069	136.099	1959	284.259	168.245	452.504
1916	68.848	43.975	112.823	1960	295.668	169.650	465.328
1917	61.413	23.305	84.718	1961	233.874	141.042	374.916
1918	62.093	41.073	103.092	1962	221.820	165.056	386.876
1919	76.766	79.967	156.733	1963	232.839	177.211	410.050
1920	82.766	127.972	210.748	1964	273.584	160.021	433.605
1921	90.632	128.735	219.367	1965	233.483	160.153	393.636
1922	103.436	175.568	279.004	1966	223.974	132.781	356.755
1923	127.320	116.328	243.648	1967	193.449	151.573	345.022
1924	161.797	158.004	319.801	1968	227.594	153.476	381.070
1925	166.538	165.698	332.236	1969	281.680	124.731	406.411
1926	126.890	174.304	301.194	1970	302.875	167.882	470.757
1927	164.783	178.295	343.078	1971	250.324	202.728	453.052
1928	177.328	186.943	364.271	1972	225.354	173.174	398.528
1929	201.074	197.738	398.812	1973	238.898	144.548	383.446
1930	261.278	237.157	498.435	1974	238.066	136.704	374.770
1931	224.504	258.898	483.402	1975	264.975	106.016	370.991
1932	208.081	277.207	485.288	1976	280.831	67.018	347.849
1933	247.329	270.946	518.275	1977	329.676	10.374	340.050
1934	223.729	214.840	438.569	1978	319.648	10.742	330.390
1935	182.927	218.965	401.891	1979	360.080	7.984	368.064
1936	102.354	181.235	283.586	1980	428.344	6.000	434.344
1937	111.285	186.531	297.816	1981	460.579	8.080	468.659
1938	131.965	179.351	311.316	1982	382.297	6.090	388.387
1939	136.782	61.569	198.351	1983	293.890	6.166	300.056
1940	147.347	-	147.347	1984	281.481	2.341	283.822
1941	156.242	-	156.242	1985	322.810	2.457	325.267
1942	173.146	-	173.146	1986	365.852	2.781	368.633
1943	186.017	-	186.017	1987	389.808	2.445	392.257
1944	216.677	-	216.677	1988	375.741	2.335	378.076
1945	211.849	4.098	215.947	1989	353.985	2.324	356.309
1946	199.165	38.772	237.937	1990	333.348	2.042	335.390
1947	200.242	45.955	246.197	1991	308.628	1.871	310.499
1948	213.177	80.157	293.334	1992 ¹⁾	264.195	1.105	265.300

1) Bráðabirgðatölur (Provisional figures).

TAFLA 3.1.2

Porskur. Meðalþyngd í afla eftir aldri (g) á árunum 1973-1993.
Cod. Weight at age in the catches (g) in the years 1973-1993.

Aldur/Age	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	1030	1050	1100	1350	1259	1289	1408
4	1420	1710	1770	1780	1911	1833	1956
5	2470	2430	2780	2650	2856	2929	2642
6	3600	3820	3760	4100	4069	3955	3999
7	4900	5240	5450	5070	5777	5726	5548
8	6110	6660	6690	6730	6636	6806	6754
9	6670	7150	7570	8250	7685	9041	8299
10	6750	7760	8580	9610	9730	10865	9312
11	7430	8190	8810	11540	11703	13068	13130
12	7950	9780	9780	11430	14394	11982	13418
13	10170	12380	10090	14060	17456	19062	13540
14	17000	14700	11000	16180	24116	21284	20072

Aldur/Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
3	1392	1180	1006	1095	1288	1407	1459
4	1862	1651	1550	1599	1725	1971	1961
5	2733	2260	2246	2275	2596	2576	2844
6	3768	3293	3104	3021	3581	3650	3593
7	5259	4483	4258	4096	4371	4976	4635
8	6981	5821	5386	5481	5798	6372	6155
9	8037	7739	6682	7049	7456	8207	7503
10	10731	9422	9141	8128	9851	10320	9084
11	12301	11374	11963	11009	11052	12197	10356
12	17281	12784	14226	13972	14338	14683	15283
13	14893	12514	17287	15882	15273	16175	14540
14	19069	19069	16590	18498	16660	19050	15017

Aldur/Age	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993*
3	1316	1438	1186	1290	1309	1303	1272
4	1956	1805	1813	1704	1899	1782	1884
5	2686	2576	2590	2383	2475	2503	2628
6	3894	3519	3915	3034	3159	3320	3618
7	4716	4930	5210	4624	3792	4488	4651
8	6257	6001	6892	6521	5680	5690	6135
9	7368	7144	8035	8888	7242	6950	7779
10	9243	8822	9831	10592	9804	8208	9609
11	10697	9977	11986	10993	9754	12747	11370
12	10622	11732	10003	14570	14344	13448	13091
13	15894	14156	12611	15732	14172	15881	14599
14	12592	13042	16045	17290	20200	11757	16323

* Áætlað (*estimated*).

TAFLA 3.1.3

Porskur. Meðalþyngd (g) í afla á hrygningartíma á árunum 1973-1993.

Cod. Weight (g) at age at spawning time in the years 1973-1993.

Aldur/Age	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	999	1046	978	1217	960	1031	1141
4	1580	1850	1855	1604	1723	1671	1647
5	3488	2772	3292	2516	2729	2863	2532
6	4441	4596	4165	4380	4108	3920	4027
7	5585	5859	5893	5407	5957	5976	5664
8	6844	7209	7153	6985	6696	6946	6951
9	7002	7820	7905	8752	7618	9204	8234
10	6917	7874	8753	10143	9669	10833	9500
11	7632	8301	8745	11829	12578	12920	12921
12	7899	9886	9788	11518	13884	12863	13028
13	13982	11221	10081	13916	17026	19104	13308
14	14000	14363	9876	15367	24652	21183	18930

Aldur/Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
3	1333	967	996	891	1002	1131	1182
4	1680	1513	1626	1472	1479	1597	1762
5	2708	2101	2095	2139	2257	2285	2681
6	3875	3225	3006	2918	3476	3524	3562
7	5446	4520	4339	4130	4480	5010	4824
8	7106	5851	5571	5553	5887	6195	6457
9	8120	7661	6801	7007	7660	7800	7843
10	10737	9084	9259	7770	9920	9225	9419
11	12628	10833	11550	10817	11035	11336	10674
12	17528	12401	13445	13176	14531	13277	13660
13	15939	11724	17138	14175	15378	15325	13812
14	25212	14326	16554	18543	16394	18932	18479

Aldur/Age	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993*
3	1289	1218	1012	813	1122	866	953
4	1811	1604	1542	1330	1776	1400	1512
5	2735	2499	2423	2132	2233	2223	2416
6	4202	3566	3743	3187	3044	3215	3494
7	5110	5161	5298	4691	3891	4567	4771
8	6497	6238	6910	6627	5897	5682	6197
9	7802	7302	7725	8915	7657	6878	7793
10	10220	8647	9397	10362	10573	8269	9650
11	11197	10184	11953	12093	11230	11601	11719
12	10620	11504	9529	15453	14340	13639	13240
13	15893	14159	12195	15337	14172	15434	14285
14	16514	10952	14270	17257	20200	11757	15871

* Áætlað (*estimated*).

TAFLA 3.1.4

Porskur. Hlutfall kynproska í afla eftir aldri á árunum 1973-1992.
Cod. Sexual maturity at age in the catches in the years 1973-1992.

Aldur/Age	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
3	0.040	0.040	0.010	0.030	0.000	0.020	0.040
4	0.070	0.110	0.090	0.110	0.040	0.080	0.050
5	0.260	0.270	0.300	0.370	0.190	0.210	0.200
6	0.510	0.610	0.510	0.560	0.550	0.470	0.490
7	0.780	0.800	0.830	0.670	0.840	0.860	0.740
8	0.940	0.930	0.950	0.930	0.960	0.960	0.900
9	0.980	0.970	0.990	0.990	0.990	0.980	0.980
10	0.990	0.990	1.000	1.000	1.000	1.000	0.930
11	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
12	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
13	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
14	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000

Aldur/Age	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
3	0.020	0.000	0.010	0.000	0.010	0.040	0.010
4	0.050	0.020	0.060	0.040	0.050	0.110	0.070
5	0.170	0.090	0.170	0.160	0.200	0.200	0.230
6	0.460	0.260	0.260	0.330	0.410	0.490	0.460
7	0.740	0.570	0.530	0.510	0.650	0.700	0.720
8	0.850	0.810	0.810	0.710	0.810	0.880	0.810
9	0.970	0.910	0.930	0.860	0.930	0.910	0.960
10	0.980	0.950	0.950	0.980	0.990	1.000	0.970
11	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	0.980
12	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
13	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000
14	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000	1.000

Aldur/Age	1987	1988	1989	1990	1991	1992
3	0.020	0.040	0.040	0.040	0.086	0.111
4	0.040	0.060	0.120	0.080	0.193	0.252
5	0.140	0.220	0.250	0.260	0.262	0.479
